# Dómsskjöl um afréttarland í Fóelluvötnum 1890-1892. Nýbýli í Lækjarbotnslandi 1865-1868

Aðfnr. 1367, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

No 2 Lagt fram í landsyfirdóminum 9. nóv. 1891
Jón Jensson

Málið:

Bæjarstjórn Reykjavíkur og
hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi Magnússyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Franz Eduard Siemsen
sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir: Ár 1891 hinn 10. júní var auka-
rjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Ártúnum
í Mosfellssveit og haldinn af hinum reglulega dóm-
ara, sýslumanni Franz Siemsen í viðurvist vottanna
Guðmundar Helgasonar og Guðmundar Ólafssonar.
Var þá fyrirtekið málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur og
hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi bónda Magnússyni
í Elliðakoti útaf landamerkjum

Af hendi stefnenda er mættur landritari Hannes
Hafstein eptir umboði frá formanni bæjarstjórnar-
innar, dags. í gær, og munnlegu umboði frá oddvita
hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi, er einnig
var mættur hjer í rjettinum, til að mæta fyrir hrepps-
ins hönd í máli þessu. Greint umboð auðk. Nr. 1 og
hljóðar svo:

Nr. 1.
Útskript
úr
gjörðabók bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar

Ár 1890, fimmtudag 18. sept. var fundur haldinn í

Þ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarstjórninni:

— " — — " — — " — — " — — " —

3. Málið um landamerki í Fellsvöxnum. Nefndin í því máli hefur gert það samkomulag við Seltjarnarneshrepp, að bærinn taki að sjer 1/3 af öllum tilkostnaði útaf nokkrum afrjettarinnar í Fellsvöxnum, en hreppurinn 2/3, en hvorirtveggju nokkuð hana eptir þörfum, og samþykkti bæjarstjórnin það. Sömuleiðis samþykkti hún þá tillögu nefndarinnar, að höfða landamerkjamál gegn Guðmundi bónda Magnússyni í Elliðakoti, og fól formanni að mæta fyrir sáttanefnd og útvega málsfærslumann.

— " — — " — — " —

Allir á fundi. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson
J. Jónassen. Þórhallur Bjarnason. Guðl. Guðmundsson
Björn Jónsson G. Pjetursson G. Þórðarson

Rjettan útdrátt staðfestir
Halldór Daníelsson

Samkvæmt ofanritaðri ályktun bæjarstjórnarinnar veiti jeg hjermeð herra landritara, settum málfærslumanni við yfirrjettinn Hannesi Hafstein fullt og óbundið umboð til að sækja framangreint landamerkjamál fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, og skal allt sem hann í þessu efni gjörir, vera gilt og bindandi fyrir bæjarstjórnina.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 9. júní 1891.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 1/6 1891.

Franz Siemsen

Ennfremur kom til sáttanefndar, dags. 7. oktober f. á. með áritun um að sættir eigi hafi komizt á milli málsparta. Skjal þetta auðk. nr. 2 og hljóðar svo:

Nr. 2.

Þareð Guðmundur bóndi Magnússon í Elliðakoti hefur neitað að samþykkja landamerkjaskrá, er honum hefur verið sýnd, fyrir afrjettarlandi Seltjarnarneshrepps og Reykjavíkurbæjar hefur hreppsnefndin og bæjarstjórnin falið okkur á hendur að fá merki téðs afrjettarlands gagnvart Elliðakotslandi útkljáð með merkjadómi samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Fyrir því leyfum vjer okkur að biðja hina heiðruðu sáttanefnd í Mosfellssveitarumdæmi að kalla nefndan Guðmund bónda Magnússon ásamt okkur á sáttafund til þess að reyna að miðla málum um ágreining þennan, en takist það eigi óskum við, að sökinni verði vísað til merkjadóms, og munum þess þá verða krafizt að ummerki afrjettarlandsins verði ákveðin samkvæmt áðurnefndri merkjaskrá, sem við munum leggja fram í sáttanefndinni; og ennfremur munum við krefjast, að kærði greiði málskostnað allan að skaðlausu eða með hæfilegri upphæð eptir áliti merkjadómsins.

Lambastöðum og Reykjavík, 7. oktober 1890.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingjaldur Sigurðsson. Halldór Daníelsson
hreppsnefndaroddviti bæjarfógeti

Til sáttanefndarinnar í Mosfellssáttaumdæmi.

Í tilefni af hinsvegarritaðri kæru kallast Guðmundur bóndi Magnússon í Elliðakoti ásamt Ingjaldi oddvita Sigurðssyni á Lambastöðum og Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni í Reykjavík til sáttafundar, sem haldinn verður á heimili undirritaðs Ólafs Stephensen á Gufunesi, miðvikudaginn 15. þ.m. á hádegi.

Í sáttanefnd Mosfellssáttaumdæmis 9. októb. 1890.

Ólafur Stephensen. G. Gíslason

Ár 1890 föstudaginn 10. október kl. 1 e.m. höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit í Kjósarsýslu birt framanritaða stefnu Guðm. bónda Magnússyni í Elliðakoti persónulega á heimili hans. – Þetta vitnum við í krapti stefnuvottaeiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Árnason (L. S.) Erlendur Þorsteinsson (L. S.)

Borgun: 2 – tvær – krónur
J. Á. E. Þ. Borgað E. Þ.

Málið var tekið fyrir á ákveðnum stað og stundu. Málspartar voru hvorutveggju mættir persónulega.

Framlagt á sáttafundi 15. okt. 1890. Sætt komst ekki á í málinu og er því vísað samkvæmt ósk kærenda til merkjadóms.

Ólafur Stephensen

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 10/6 1891.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Franz Siemsen.

Sýnt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 10/9 1891.

Franz Siemsen

og landamerkjalýsingu, á afrjettarlandi Seltjarnarnesshrepps og Reykjavíkurbæjar, er auðk. Nr. 3 og hljóðar svo:

Nr. 3.

## Landamerkjalýsing

á afrjettarlandi Seltjarnarnesshrepps og Reykjavíkurbæjar.

—"—

Samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882, 1. gr. lýsir undirskrifuð hreppsnefnd og bæjarstjórn landamerkjum afrjettarlands síns eptir því sem hún veit rjettast og sannast:

Fyrst að norðvestanverðu úr svokölluðu hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland, og svo eptir hraunhólum þeim sem liggja úr hraunsnefinu, beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí állhaga- (eða nálhaga-)-vatn, og svo eptir því vatni miðju, þangað til áin fellur í vatnið fyrir norðan állhagann og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni, svo úr henni neðantil við uppsprettu hennar, eptir árfarvegi og í aðalfossvallaána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni, svo ræður sú á sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóelluvötn, allt upp fyrir norðan ás þann, er skilur efri- og neðrivötn, þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp árfarveginn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem liggur sunnan undir Lyklafelli, og eptir þeim farveg austur og uppí sýslumärk.

Lambastöðum og Reykjavík 16. septemb. 1890.

Ingjaldur Sigurðsson Halldór Daníelsson

hreppsnefndaroddviti

Merkjalýsingu þessa get eg ekki samþykkt.

Staddur í Ártúni 17. sept. 1890.

Guðm. Magnússon

2 Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 10/6 1891.

Franz Siemsen

1 Framlagt á sáttafundi að Gufunesi þ. 15. oct. 1890 Mr. №1.

Ólafur Stephensen

Stefndi er persónulega mættur í rjettinum og biður bókað, að hann sje mættur án stefnu og hann hafi aldrei sjeð hana eða heyrt, og hún sje eigi framlögð hjer í rjettinum.

Umboðsmaður stefnenda bað dómarann að nefna menn í merkjadóm, og tilnefndi dómarinn þessa

Eggert Finnsson á Meðalfelli í Kjós
Einar Jónsson á Fremrahálsi í Kjós
Eyjólf Runólfsson í Saurbæ á Kjalarnesi
Kolbein Eyjólfsson í Kollafirði á Kjalarnesi
Jón Þórðarson hreppstjóra á Hlíði í Bessastaðahreppi
Jón Jónsson á Deild , do
Magnús Þorsteinsson í Hákoti , do og
Magnús Brynjólfsson hreppstjóra á Dysjum í Garðahreppi

Umboðsmaður stefnenda nefndi úr dómi
Eyjólf Runólfsson í Saurbæ og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kolbein Eyjólfsson í Kollafirði
Stefndi nefndi úr dómi
Magnús Þorsteinsson í Halakoti og
Magnús Brynjólfsson á Dysjum
Dóminum er þá auk sýslumanns skipaður þessum mönnum:
Eggerti Finnssyni á Meðalfelli
Einari Jónssyni á Fremmrahálsi
Jóni Þórðarsyni á Hlíði og
Jóni Jónssyni á Deild.
Málspartar komu sjer saman um að mæta með viku fyrirvara til vitnaleiðslu, ef til þess kemur, hjer í Ártúnum. Ákveðið var að forfallalaust að hafa merkjagöngu í hinum umþrættu landamerkjum þriðjudaginn hinn 21. n.m. og byrji merkjagangan að Lækjarbotnum kl. 11 f.h. – Skjölin Nr. 1-3 afhent umboðsmanni stefnenda.

Frekara eigi fyrir tekið Málspartar:

Vottar: Rjetti slitið. Hannes Hafstein
Guðm. Helgason Franz Siemsen Guðm. Magnússon
Guðmundur Ólafsson Ingjaldur Sigurðsson.

Ár 1891 hinn 21. júlí var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Lækjarbotnum í Seltjarnarnesshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með undirrituðum vottum. Var þá tekið fyrir málið:

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-nesshrepps
gegn
Guðmundi Magnússyni
í Elliðakoti útaf landamerkjum

Í rjettinum mættu hinir tilkvöddu meðdómsmenn:
Einar Jónsson að Fremmrahálsi,
Eggert Finnsson að Meðalfelli,
Jón Jónsson á Deild og
Jón Þórðarson á Hlíði;
rituðu þeir í rjettinum undir svofelldan eiðstaf, er
auðk. Nr. 4 og hljóðar svo:

Nr. 4.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið nefndir í dóm
til að dæma um landamerki milli afrjettarlands
Reykjavíkurkaupstaðar og Seltjarnarnesshrepps, sverjum
þann eið, að vjer munum leysa þann starfa af hendi
eptir beztu samvizku og þekkingu.
Svo sannarlega hjálpi oss Guð og hans heilaga orð.
Í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu að Lækjarbotnum
21/7 1891.

Einar Jónsson. Eggert Finnsson. Jón Jónsson Jón Þórðarson
Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 21/7. 1891.
Franz Siemsen.

Mætti í rjettinum umboðsmaður stefnenda, landritari H. Hafstein svo og hinn stefndi persónulega.
Umboðsmaður stefnenda lagði fram stefnu í málinu, sem gleymzt hafði að leggja fram í síðasta rjettarhaldi. Stefna þessi, sem er útgefin 6. maí þ. á., auðk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 5 og hljóðar svo:

Nr. 5.

Franz Siemsen

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir, að mjer hefir tjáð bæjarfógeti í Reykjavík, Halldór Daníelsson, og oddviti hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi, hreppstjóri Ingjaldur Sigurðsson, að þeir, að áðurgengnum árangurslausri sáttatilraun, sjái sig knúða til að höfða mál gegn Guðmundi Magnússyni, bónda í Elliðakoti út af ágreiningi um landamerki milli tjeðrar jarðar og afrjettarlandi Reykjavíkurkaupstaðar og Seltjarnarneshrepps.

Fyrir því stefnist hjermeð greindum Guðmundi Magnússyni bónda í Elliðakoti til þess að mæta fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu, sem haldinn verður að Ártúnum í Mosfellshreppi miðvikudaginn hinn 3. n.m. kl. 4 e. hádegi, til þess að sjá skjöl og skilríki í rjett lögð, heyra menn nefnda í merkjadóm, nefna og heyra menn nefnda úr dómi, hlýða á eiðspjall dómenda, sem og framburð vitna, stefndra og ástefndra, vera við merkjagöngu, heyra sókn sakar og rjettarkröfur, svara til sakar og þola dóm um ofangreind landamerki og greiðslu á málskostnaði að skaðlausu eða eptir mati merkjadómsins.

Lögdagur er úr lögum numinn með tilsk. 3. júní 1796.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu 6. maímán. 1891.

Gjald 0,41 Franz Siemsen

(L. S.)

- Gjöraðin og einni eyri-
borgað Franz Siemsen

Ár 1891 laugardaginn 16. mai höfum við undirskrifaðir stefnuvottar í Mosfellssveit í Kjósarsýslu birt hinsvegar ritaða aukarjettarstefnu húsfrú Guðrúnu Jónsdóttur á Elliðakoti í fjarveru manns hennar Guðm. Magnússonar persónulega á heimili þeirra.

Þetta vitnum við í krapti stefnuvottaeids okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Árnason. Erlendur Þorsteinsson

(L. S.) (L. S.)

Borgun 2 - tvær - krónur. J. Á. Erl. Þ.

Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 21/7. 1891.

Franz Siemsen

Samkvæmt beiðni umboðsmanns stefnenda lagði dómarinn fram brjef til hans frá hinum fyrgreinda dags. 14. þ.m. í hverju umboðsmaðurinn fer þess á leit við dómarann að hann fresti merkjagöngu þeirri, sem á að fram fara í dag, af ástæðum, sem fram eru teknar í greindu brjefi. Brjef þetta auðk. Nr. 6 og hljóðar svo:

Nr. 6.

Með því að sú reynd hefur á orðið, að frestur sá, sem við merkjadómsskipun að Ártúnum 10. f.m. var settur til merkjagöngu í landamerkjamálinu milli hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi og bæjarstjórnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavíkur annarsvegar og Guðmundar Magnússon-
ar í Hellisholti hinsvegar, er of stuttur til þess, að
hreppsnefndin og bæjarstjórnin geti útvegað sjer nauð-
synleg skilríki og leitað vitna, og með því að jeg sem umboðs-
maður nefndra málsaðila þannig ekki get verið und-
irbúinn undir merkjagönguna og endilega framsögn
salar næstkomandi þriðjudag, 21. þ.m., sem ákveðinn
var til merkjagöngunnar að forfallalausu, þá leyfi
jeg mjer samkvæmt fyrirmælum síðara hluta
9. greinar í landamerkjalögunum 17. marz 1882 virð-
ingarfyllst að beiðast þess, að þjer, herra sýslumaður,
lengið þennan frest eins og þar er heimild til gefin,
að minnsta kosti fram í miðjan septembermánuð
næstkomandi. Þessari beiðni til styrkingar skal jeg
taka það fram, að eptir því sem landi háttar á hinni
stóru þrætuspildu er alveg nauðsynlegt að hafa
við merkjagönguna uppdrátt af landinu til stuðn-
ings og til þess að geta áttað sig á hinum ýmis-
legu farvegum og mörgu vatnsrennslum, sem
þar mun koma fyrir merkjadóminn að skoða, enda
er ekki hægt að sjá yfir allt þrætulandið í einu og er
því jafnvel vel kunnugum erfitt að átta sig á öll-
um stefnum og hlutföllum. Slíkan landamerkja-
uppdrátt, sem hjer er um að ræða, verður mjög
erfitt að búa til, og er ekki nú sem stendur hægt að
fá færan mann til þess, og verður naumast fyr
en búfræðingur, stud. Sæmundur Eyjólfsson, hefur
lokið prófi í lok ágústmánaðar. — Annað, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki hefur náðst til á hinum allt of stutta fresti, sem ákveðinn var til merkjagöngunnar, eru ýms skjöl, er eiga að vera á stiftsskjalasafninu, en ekki hafa fundizt enn, enda er skjölum þeim öllum, sem úr Gullbringu- og Kjósarsýslu komu, enn óraðað, þar sem designation hefur ekki komið. — Loks hefur sakir ýmsra óhjákvæmilegra anna ekki orðið nægur tími til að safna vitnisburðum núlifandi manna, um þrætulandið og notkun þess. —

Að því er formlið þessarar beiðni minnar snertir skal jeg taka fram, að það er að vísu frábrugðið rjettarfari í öðrum málum en merkjamálum, að sýslumanninum einn fresti nokkurri rjettaratböfn eptir beiðni annars málspartsins; en rjettarfar í merkjamálum vorum er mjög svo „extraordinær proces" og í 9. gr. landamerkjalaganna er beint ráð gjört fyrir því, að „sýslumaður", í danska textanum: „Sysselmanden", en ekki rjetturinn, fresti merkjagöngu, þegar frestunin er ónógur öðrum hvorum málsaðila, og gjörir hann það þá án rjettarhalds, aðeins með tilkynningu til dómara og málsparta. Þetta virðist vera mjög heppileg fyrirmæli í lögunum, því að óþarfi sýnist vera að ómaka marga menn langar leiðir, aðeins til þess að veita frest. Hin tilvitnuðu ákvæði 9. greinar eru sett til þess að koma í veg fyrir slíkt ómak, og leyfi jeg mjer að vona svo góðs til yðar, herra sýslumaður, að þjer fallist á það, að frestunin, sem tiltekinn var,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefi verið of stuttur, og miklum mun styttri, en lögin gjöra ráð fyrir, og þessvegna neytið heimildar þeirrar, er lögin veita, til þess að bæta úr þessu, og spara dómendunum og yður sjálfum, svo og öðrum málspörtum, óþarfa ferð.
Með því að tími fer að verða naumur, verð jeg að beiðast þess, að þjer, herra sýslumaður, látið mjer sem fyrst í tje svar yðar hjer að lútandi.
Tilkynningum til dómenda, sem jeg leyfi mjer að vænta að verði útgefnar, skal jeg takast á hendur að koma áleiðis hafarlaust.
Ef þjer, mót von, skylduð álíta óþarft að fresta merkjagöngunni, skal jeg takast á hendur og rjettarhald þannig verði haldið að Lækjarbotnum 21. þ.m., verð jeg að beiðast þess, að þjer leggið þetta brjef mitt fram í merkjadóminum.

Reykjavík 14. júlí 1891.

Hannes Hafstein

Til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu.
Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 21/7. 1891.

Franz Siemsen

Brjef þetta var upplesið í rjettinum. Þá lagði umboðsmaður stefnenda fram brjef til hans frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, dags. 15. þ.m., í hverju sýslumaðurinn synjar um hið umbeðna. Brjef þetta, sem auðk. Nr. 7 og hljóðar svo:

Nr. 7

Skrifstofu Kjósar- og Gullbringusýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarfirði hinn 15. júlím. 1891.
Jeg hefi meðtekið brjef yðar, hr. landritari, dagsː í gær, í hverju þjer óskið þess, að merkjagöngu þeirri, sem fram á að fara að Lækjarbotnum hinn 21. þ.m. verði frestað. Þar sem Guðmundur bóndi Magnússon hefir persónulega í gær fastlega krafizt þess, að merkjaganga þessi fram fari, og heimtar, að úrskurður um þetta verði á sínum tíma felldur, álít jeg, að rjettarhald það, sem á fram að fara að Lækjarbotnum, hljóti fram að fara. Fyrir því get jeg eigi orðið við þessum tilmælum yðar. Það er sjálfsagt að brjef yðar muni verða lagt fram í merkjadóminum, eins og þjer farið fram á.
Franz Siemsen
Herra landritari Hannes Hafstein
Lagt fram í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 21/7 1891.
Franz Siemsen
var upplesið í rjettinum.
Umboðsmaður stefnanda bað bókað:
Áður en jeg skrifaði sýslumanninum, hafði jeg gjört 2 ferðir upp að Elliðakoti í þeim tilgangi að fá hinn háttvirta mótpart til þess að skrifa með mjer undir beiðni til sýslumannsins um lengingu á frestinum til merkjagöngunnar; hitti jeg hann í síðara skiptið, en hann neitaði að gjöra það. Síðan ritaði jeg sýslumanni til brjef það, sem hefir verið framlagt og leyfi jeg mjer að skírskota til þess að því er snertir ástæður mínar fyrir frestbeiðninni en þekki það svar, sem fram hefir verið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lagt, sub. No. 7. Eins og á skjalinu sjest er neitun sýslumannsins byggð á því, að hinn háttvirti mótpartur fastlega hafi heimtað úrskurð merkjadómsins í máli þessu. Þar sem jeg þannig hefi gjört allt, sem í mínu valdi stóð til þess að komast hjá því að ómaka dómendur og spara kostnað við óþarft rjettarhald og þar sem þetta rjettarhald eingöngu er haldið vegna stífni míns heiðraða mótparts, sem var það fyrir, er jeg nefndi við hann þessa framlengingu, að hann vildi stríða bæjarstjórninni og ekki gjöra henni þetta til eptirlætis, þá leyfi jeg mjer að gjöra þá kröfu til hins heiðraða merkjadóms 1° að merkjagöngu í máli þessu verði frestað að minnsta kosti fram yfir miðjan septembermánuð næstkomandi og 2° að allur kostnaður við þetta rjettarhald verði látinn lenda á mótpartinum það er að segja, borgun til sýslumanns og meðdómenda, því sjálfur krefst jeg engrar borgunar. Uppl. staðf.
Stefndi bidur bókað: Minn heiðraði mótpartur hefir, er hann nefndi við mig framlengingu á frestinum, eigi skýrt mjer frá í neinu að frestirnir væri ofstuttir. Öðru lagi skal jeg taka það fram, að mínum heiðraða mótparti hafi verið innan handar í fyrsta rjettarhaldi að fá þann frest, er hann vildi. Að ástæður þær, sem minn heiðraði mótpartur hafi haft eptir mjer, að jeg vildi eigi vera við frestbeiðninni vegna þess að jeg vildi stríða bæjarstjórninni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ekki vildi gjöra henni það til eptirlátis, þá lýsi jeg það helber ósannindi. Að því er snertir kostnaðinn við rjettarhald þetta eða hverskonar tóf sem minn heiðraði mótpartur gjörir í málinu, þá neita jeg fastlega að greiða hann. Jeg hefi ávallt verið búinn til merkjagöngunnar og er það enn, og jeg mótmæli enn þessari, umbeðnu framlengingu á frestinum. Uppl. staðf.
Umboðsmaður stefnanda bað bókað: Það er eigi rjett, að jeg ekki hafi tjáð mótpartinum ástæður mínar fyrir því að fá merkjagöngunni frestað. Ástæðan fyrir því, að fresturinn til merkjagöngunnar upphaflega var svo stuttur, var margítrekuð ósk mótpartsins, að merkjagangan yrði sem fyrst, og eptir beiðni hans gekk jeg inná að reyna, hvort jeg gæti útvegað skilríki á svo stuttum tíma, en öllum kom saman um, að hægt væri að lengja frestinn, ef hann reyndist of stuttur. Jeg leyfi mjer því að mótmæla því, sem mótpartur minn hefir látið bóka, held fast við mínar kröfur og legg málið undir úrskurð dómsins. Uppl. staðf.
Stefndi bað bókað: Jeg mótmæli því, sem mótpartur minn hefir látið bóka, held fast við mínar kröfur og legg málið undir úrskurð. Uppl. staðf.
Dómurinn tók því mál þetta undir úrskurð.
Þar sem meiri hluti dómsins er á þeirri skoðun, að eptir landamerkjalögunum 17. marz 1882 sje nauðsynlegt, að báðir málsaðilar sjeu við þegar merkjagangan á fram að fara, en umboðsmaður stefnanda hefir ýmissa ástæða vegna beiðst þess, að merkjagöngu þeirri, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram átti að fara í dag, verði frestað fram yfir miðjan septembermánuð, þá verður eptir ástæðum meira hluta dómsins að fresta merkjagöngunni til 18. september þ.á.

Minni hluti dómsins, Eggert Finnsson, er á þeirri skoðun, að merkjagangan skuli fram fara í dag 1° af þeim ástæðum, sem báðir málsparter hafa látið bóka, verður hann að fallast á ástæður hins stefnda og getur hann þess, að tíminn frá fyrstu hreifingu málsins hafi verið nægilegur til nauðsynlegs undirbúnings fyrir málsparta, og stefnandinn hafi upprunalega getað ákveðið nógu langan frest; 2° í 10. grein landamerkjalaganna segir: á tilteknum tíma skulu málsaðilar og dómendur ganga á merki; 3° finnur hann eigi að landamerkjalögin heimili dómnum að úrskurða framlengingu á fresti til merkjagöngu.

Eggert Finnsson

Því úrskurðast:

Merkjagöngu þeirri, í málí þessu, sem átti að fram fara í dag, er hjermeð frestað til 18. september þ.á.

Franz Siemsen.

Jón Þórdarson. Einar Jónsson. Jón Jónsson.

Úrskurður þessi var hátt upplesinn í viðurvist málsparta. Merkjagangan hefst hjer á Lækjarbotnum hinn 18. september kl. 10 f. hádegi, sem er föstudagur.

Skjölin Nr. 1-7 afhent umboðsmanni stefnenda.

Fleira eigi fyrir tekið

Rjetti slitið.

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

| Vottar: | Franz Siemsen | Málspartar: |
| --- | --- | --- |
| Guðm. Helgason | Einar Jónsson. Jón Þórðarson | Hannes Hafstein |
| Guðni Þorbergsson | Eggert Finnsson. Jón Jónsson | Guðm. Magnússon |

Ár 1891 hinn 18. september var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Lækjarbotnum í Seltjarnarneshreppi og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Eggerti Finnssyni, Jóni Þórðarsyni og Jóni Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi bónda Magnússyni
útaf landamerkjum.

Dómarinn skal geta þess, að einn meðdómsmaðurinn Einar Jónsson á Fremra-Hálsi, er eigi mættur og útnefndi sýslumaðurinn í hans stað Guðna Þorbergsson á Lækjarbotnum til að dæma um landamerki þessi. – Hann undirritaði í rjettinum þaraðlútandi eiðstaf, er auðk. Nr. 8 og hljóðar svo:

Nr. 8. –

Jeg undirskrifaður, sem nefndur er í dóm til að dæma um landamerki milli Reykjavíkur og Seltjarnarnesshrepps gagnvart Ellidakoti (Helliskoti), sver þann eið, að jeg muni leysa það verk af hendi eptir beztu þekkingu og samvizku.
Svo sannarlega hjálpi mjer guð og hans heilaga orð. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækjarbotnum h. 18 sept. 1891
Guðni Þorbergsson.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Umboðsmaður stefnenda lagði fram uppdrátt yfir
/. þrætulandið, er auðk. Nr. 9 og fylgir hjermeð.
Stefndi var persónulega mættur.
Var þá ákveðið að hefja merkjagöngu.

Frekara eigi fyrir tekið.
Rjetti slitið
Franz Siemsen

Eggert Finnsson. Jón Þórðarson. Guðni Þorbergsson. Jón Jónsson
Hannes Hafstein
Guðm. Magnússon

Ár 1891 hinn 18. september var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Lækjarbotnum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Eggerti Finnssyni, Guðna Þorbergssyni, Jóni Þórðarsyni og Jóni Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi Magnússyni
útaf landamerkjum.

Sýslumaður og meðdómendur ásamt málsaðilum hafa gengið á hin umþrættu landamerki og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kynnt sjer þau.
Umboðsmaður stefnenda, sem var mættur, skilar aptur skjölum málsins, sem honum hafa ljeð verið (Nr. 1-7) og leggur fram:
1, Akt in forma af þingsvitni hinn 16. þ.m.
2, Yfirlýsingu, dags. 16. júní 1891
3, Keplirit af Íslands uppdrætti Gunnlögsens. Skjöl þessi auðk. Nr. 10-12 og hljóða svo:

Nr. 10

/. Fylgir hjermeð.
Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 11.

Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnes-hreppi vottum við sem skrifum nöfn okkar og aldur hjer undir, að við, sem höfum síðan við vorum unglingar, ferðast og látið ferðast suður í Reykjavík og víðar, höfum aldrei heyrt annars getið, en að svokölluð Fóellu-völu á þeirri leið væru óátalinn áfangarstaður fyrir alla ferðamenn og þau væru afrjettarland Seltjarnar-neshrepps.

Villingaholtshreppi 16. júní 1891.

Halldór Bjarnason 69 ára. Eyjólfur Eyjólfsson 72 ára.
Markús Bjarnarson 51 árs. Sveinn Teitsson 57 árs
Högni Jakobsson 74 ára. Einar Einarsson 73 ára
Guðmundur Ámundarson 49 ára. Gísli Guðmundsson 49 ára
Þórður Eiríksson 60 ára. Friðleifur Jónsson 58 ára
Ingimundur Jóhannsson 60 ára. Gestur Guðnason 62 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Jónsson 35 ára. Gísli Bessason 61 ára.
Jón Eiríksson 59 ára. Gísli Hallgrímsson 42 ára
Magnús Ormsson 69 ára. Guðmundur Jónsson 50 ára
Gamaliel Gamalíelsson 48 ára Þorleifur Jónsson 51 ára
Sigmundur Jónsson 49 ára. Sigurður Egilsson 61 ára
Þorsteinn Magnússon 61 ára Magnús Þorsteinsson 49 ára
Jónas Erlendsson 35 ára. Magnús Eyólfsson 53 ára
Tómás Eyvindsson 31 ára. Jón Jónsson 63 ára
Helgi Guðmundsson 40 ára Jón Jónsson 61 ára
Sigmundur Jóhannsson 67 ára. Guðmundur Guðmundsson 45 ára
Guðm. Tómásson 85 ára. Sveinn Sveinsson 87 ára
Sveinn Árnason 48 ára.

Framlagt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18. september 1891.

Franz Siemsen

Nr. 12.

/. Fylgir hjermeð.

Framlagt í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.

Franz Siemsen

og hljóðar svo:

Með hinum framlögðu skilríkjum vona jeg, að það sje sannað, að hið umþrætta land, sem dómendur hafa nú kynnt sjer, liggur allt í Gullbringusýslu, í Seltjarnarneshreppi. Í annan stað er það sannað, að Seltjarnarneshreppur, og nú einnig Reykjavík, á afrjettarland hjer uppum, og í þriðja lagi að þrætulandið, eða að minnsta kosti Fóelluvöllu efri og neðri er og hefir um langan aldur verið notað sem óátalið afrjettarland að öllu leyti, og að Seltjarnarness-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hreppna hefir borið allar skylduskvaðir, sem leitt hafa af þessum afrjetti. Mjer virðist þannig fullnægjót vera færð fyrir því, að merkjalýsing umbjóðenda minna sje á rökum byggð og leyfi mjer að gjöra þá rjettarkröfu, að merkin verði sett samkvæmt henni, en til vara krefst jeg þess, að úr Stórt-hagavatni verði látinn ráða hinn glöggi farvegur Fossvalla-árinnar uppi Fossvallahlíð; svo upp norður farveginn beina stefnu í Stangapoll með hlíðinni. Að því er málskostnað í máli þessu snertir, skírskota jeg til rjettarkrafa minna 21. júlí þ. á., að því er það rjettarhald snertir, og gjöri yfir höfuð þá kröfu, að mótpartinum verði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Legg jeg svo málið í dóm með fyrirvara. Uppl. staðf.

Stefndi, kvaddur: Jeg mótmæli því, að það sje sannað með hinum framlögðu skjölum í dag, að hið umþrættaða land sje innan takmarka Gullbringusýslu, því landsuppdráttur Gunnlögsens er engin sönnun fyrir lögsögumannsdæminu, og jeg mótmæli því einnig, að merkjalýsing sækjandans sje á rökum byggð. Að öðru leyti skírskota jeg til varnar þeirrar, er jeg legg hjer fyrir rjettinum, og sem tekur yfir kröfur þær, sem jeg mun gjöra til merkjadómsins. Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara. Uppl. rjett. bókað.

Jafnframt lagði stefndi fram:

1, Varnarskjal, dags. í dag,

2, Útskript úr fógetabók Kjósar- og Gullbringusýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3, Útskript úr lögreglurjettarbók Kjósar- og Gullbringusýslu viðvíkjandi útmælingu Lækjarbotna,
4, Eptirrit úr dómabók Kjósar- og Gullbringusýslu með 2 fylgiskjölum,
5, Eptirrit af byggingarbrjefi frá hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi til Hallberu Jónsdóttur, dags. 8. nóv. 1875,
6, Brjef til stefnda frá Sigurði Vigfússyni, dags. 5. f.m.,
7, Brjef frá hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi til stefnda, dags. 7. júní 1889 með 1 fylgiskjali,
8, Landamerkjalýsingu jarðarinnar Elliðakots, dags. 18. maí 1889,
9, do do do dags. 28. júlí 1883.

Skjöl þessi auðk. Nr. 13-24 og hljóða svo:

Nr. 13.

Vörn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps í landamerkjamáli
gegn
Guðmundi Magnússyni

Það virðist aldrei hafa verið meining seljanda að eigna sjer land fyrir norðan Fossvallaá, sem sannast best af kæruskjali útaf heyslætti Jóns á Kolviðarhól, dags. 12. ágúst 1890 undirskrifuðu af bæjarfógetanum í Reykjavík og hreppstjóranum í Seltjarnarnesshreppi til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu. Upphaf brjefsins er: „Eins og yður, herra sýslumaður, ef til vill er kunnugt eiga Seltjarnarnesshreppur og Reykjavíkur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bar í sameiningu afrjettarland uppi svokölluðum Fóelluvötnum efst í Seltjarnarneshreppi fyrir sunnan Fossvallaá." Hjer er það ljóst að þeir ofannefndu herrar bæjarfógetinn og hreppstjórinn áðeins eigna sjer land í Fóelluvötnum fyrir sunnan Fossvallaá þá fyrst eptir að þeir eru búnir að láta taka upp heyið fyrir Jóni á Kolviðarhól fyrir norðan Fossvallaá og mörgum vikum eptir að hinn lögheimilaði tími var liðinn, gefa þeir út merkjalýsingu ósamhljóða þeirri, er hreppsnefnd Seltirninga hafði áður skrifað og sýnt mjer og sem getið er um í brjefi hennar til mín, dags. 7. júní 1889. Með merkjalýsingu þessari vilja þeir eignast land ekki einungis að nyrstu kvísl Fossvallaárinnar, heldur norður fyrir hana, lýsa árfarinu þar sem það er ekki, eins og landsuppdrátturinn sýnir fyrir norðan Vatna-ás, og eigna sjer þannig öll Vötnin norður að heiðarbrún og uppi Lyklafell, sem er í norðum milli Elliðadals og Elliðakots-landa. Eg skil nú ekki að það sje meiningin að taka mikinn hluta af landi því, sem ómótmælt hefur alltaf verið brúkað og álitið að tilheyrði þessari jörð, þ. e. Elliðakoti, heldur sje það að gjöra vötnin öll að þrætulandi, bara tilraun til að villa það, að heyið var tekið upp fyrir Jóni á Kolviðarhóli fyrir norðan Fossvallaá, á landi, sem þeir ekki eignuðu sjer eptir áðurnefndu þernskjali, dags. 12. ágúst 1890.

Það er alkunnugt, að Halldór heitinn Snorrason sem fyr bjó í Elliðakoti sótti heyskap sinn venjulega uppí Fóelluvötn án þess að biðja um leyfi og átalið af öllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en eptir að synir hans fóru að búa hjer, var hætt að slá í Vötnunum, einungis af því þeir höfðu ekki dug til þess. Allri hinni löngu vitnaleiðslu sækjandans mótmæli eg gjörsamlega að því er snertir menn úr Seltjarnarneshreppi og Reykjavík, því þeir eru allir málinu viðkomandi. Þau 2 vitni, eMagnús Ólafsson í Lambhaga og Þórður Halldórsson á Flókunum, sem eru málinu óviðkomandi sanna svo sem ekkert, því mjer dettur ekki í hug að mótmæla því að Seltirningar og Reykvíkingar hafi notað Vötnin fyrir fjenað sinn. Þeir hafa notað allt heiðar land Elliðakots sem afrjett, en, að það hefur verið óátalið kemur einungis til af því, að eg hef ekki treyst mjer til að reysa rönd við þeirra yfirgangi, og sama munu hafa átt sjer stað með fyrir rennara mína. – Að Árnesingar úr Villingaholtshreppi hafi legið ogáð í Fóellnvötnum dettur mjer heldur ekki í hug að mótmæla en eg mótmæli að þeir menn geti nokkuð borið um hver landið eigi. Þegar þess er gætt að Elliðadalur á land að norðanverðu suður í Lyklafell og suður undir línu móts við Elliðakotsklett, þá verður heiðarland Elliðakots, sem er að hundraðatali 20.9, mjög lítið. Hvað viðvíkur neðri hluta þrætulandsins, þá vísa eg til úrskurðar Lækjarbotna frá 22. júlí sic. 1865, áreiðargjörðar 1. sept. 1880 og dóms nýpsveddum 12. janúar 1883 sem og legg fyrir rjettinn. Með skjölum þessum er það ljóslega sýnt að Elliðakotsland nær að syðstu kvísl Fossvalla-árinnar, enda eru þau merki samþykkt af eiganda Lækjarbotna, sýslum. P. Sveins-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

syni, og svo er það eins ljóst að afrjettarland Seltjarnarneshrepps er allt heiðarlandið fyrir sunnan Þingvallaá og fyrir sunnan Fóellsvötn, og eptir þeim hef jeg skrásett landamerki mín, og jeg vil leiða dómendur að gæta að því að Sandskeiðið eins og að sjálfsögðu skiptir heiðarlandi Seltjarnarneshrepps frá Vötnunum, því eptir því liggja árfarin sem koma niður fyrir austan og vestan Vífilsfell og þar uppundir Vífilsfelli er synd á landsuppdrætti þeim, er stefjandinn leggur fyrir rjettinn, syðsta kvíslin í Fóellsvötnunum.
Viðvíkjandi kröfu stefjandans að eg borgi rjettarhald í Lækjarkoti 21. júlí þ. á., þá hef eg áður mótmælt því, en vil nú taka það fram, að af því eg vildi ekki vera með honum að biðja um frest í málinu, sem mjer bar engin skylda til, vill hann að eg borgi! Merkjadómurinn kemur á ákveðnum degi og veitir stefjandanum frest til að útvega sjer skilriki, sem hann hafði ekki gætt að, að útvega sjer í tíma, þetta er ekki fyrir mig gjört og hlýtur að vera mjer kostnaðarlaust, en hvað viðvíkur málskostnaði að öðru leyti, þá leyfi jeg mjer að taka fram, að hreppsnefnd Seltirninga hefur með brjefi 7. júní 1889 neitað tilboði mínu um friðsamlegt samkomulag, að þeir bæjarfógetinn í Reykjavík og hreppstjórinn í Seltjarnarneshreppi höfðu ekki umboð til að sættast við mig á jörðinni, og með skírskotun til skjala þeirra, er eg legg fyrir rjettinn, sem stefjandanum hlaut að vera kunnugt um, verð eg

að efast um að sækjandinum hafi ljóst merkjum
eins og hann vissi rjettast og sannast.
Verður því krafa mín til hins heiðraða merkjadóms:
1. að landamerki mín, eins og eg hef skráð þau eptir beztu vitund, verði að öllu leyti tekin til greina.
2. að eg verði að öllu leyti laus við kostnað af þessu máli.

Elliðakoti 18. sept. 1891.

Guðm. Magnússon

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.

Franz Siemsen

Nr. 14.

Útskript

úr

fógetarjettarbók Kjósar- og Gullbringusýslu.

Ár 1890 hinn 14. ágústmánaðar var fógetinn í Kjósar- og Gullbringusýslu, sýslumaður Franz Siemsen staddur að Kolviðarhóli með vottunum Guðmundi Helgasyni og Pjetri Sigurðssyni. Var þar tekið fyrir sem fylgir:
Fógetinn lagði fram brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík og hreppstjóranum í Seltjarnarneshreppi, dags. 12. þ.m., er auðk. Nr. 1 og hljóðar svo:

Nr. 1.

Eins og yður, herra sýslumaður, ef til vill, er kunnugt, eiga Seltjarnarneshreppur og Reykjavíkurbær í sameiningu afrjettarland uppi svokölluðum Fóelluvötnum efst í Seltjarnarneshreppi fyrir sunnan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fossvallá. Nú hefur meðundirskrifuðum hreppstjóra verið tilkynnt, að Jón bóndi Jónsson á Kolviðarhól hafi í sumar leyft sjer að nota slægjur í nefndu afrjettarlandi, og það svo að tölu verð brögð eru að, en til þess hefur hann ekkert leyfi fengið hvorki frá hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps nje bæjarstjórn Reykjavíkur. Með því að þessi afnot Jóns Jónssonar af afrjettarlandinu þannig eru gjörsamlega heimildarlaus, leyfum við oss í umboði bæjarstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar að fara þess á leit við yður, herra sýslumaður, að þjer viljið nú þegar taka yður ferð á hendur upp í áminnst afrjettarland ásamt meðundirskrifuðum Ingjaldi hreppstjóra Sigurðssyni, sem hefur umboð í þessu máli einnig af hendi bæjarstjórnarinnar, og leggja lögbann við, að Jón bóndi Jónsson á Kolviðarhól, eða nokkur annar flytji burtu hey það, er hann hefur slegið þar eða noti landið á annan hátt, nema með leyfi bæjarstjórnarinnar og hreppsnefndarinnar.

Afleiðingar af gjörð þessari ábyrgjumst við yður.

Bæjarfógetinn í Reykjavík og hreppstjórinn í Seltjarnarneshreppi 12. ágúst 1890.

Halldór Daníelsson. Ingjaldur Sigurðsson

Til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu.

Lagt fram af fógeta Kjósar og Gullbringusýslu að Kolviðarhóli 14/8 1890.

Franz Siemsen

Fógetinn skal geta þess, að hann kom við í Svotölfsstöðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föllnvöllnum, sá þar að vísu tjald, sem reipi voru í, en engan mann. Skyldist því fógetinn frá til að fara heim að Kolviðarhóli, þótt hann sje í Árnessýslu.
Mættur var Ingjaldur hreppstjóri Sigurðsson svo og Jón bóndi Jónsson á Kolviðarhóli. Jón segir, að Guðmundur bóndi Magnússon í Elliðakoti hafi leyft sjer að slá í hinum svokölluðu Föllnvöllnum. Þar sem ekkert samkomulag gat orðið milli Jóns Jónssonar og hreppstjórans, bannaði fógetinn, eptir beiðni hreppstjórans, Jóni að flytja burtu hey það, sem hann er búinn að slá í Föllnvöllnum að viðlögðum sektum að lögum.

Vottar: Frekara eigi fyrir tekið

Guðm. Helgason Franz Siemsen.

P. Sigurðsson

Ingjaldur Sigurðsson

Rjett útskript staðfestir

Gjald 0.50 - fimmtíu aurar - Franz Siemsen.

borgað Franz Siemsen

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.

Franz Siemsen

Nr. 15.

Útskript

úr lögreglurjettarbók Gullbringu- og Kjósarsýslu

Ár 1865 þann 22. júlím. var sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu staddur á Lækjarbotni til þess samkvæmt bréfi stiftamtsins frá 13. júním. þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ásamt 4 af honum útnefndum mönnum að út-
vísa Þorsteini Þorsteinssyni á Lækjarbotni land.
Téð stiftamtsbrjef var framlagt svolátandi:
Viðlagt brjef frá Þorsteini Þorsteinssyni á Lækjarbotn-
um, hvar í hann biður um að amtið leggi svo fyrir,
að hlutaðeigandi sýslumaður ásamt með 4 tilteknum
mönnum, ákveði land handa nýbýli því, sem hann
hafi byggt undir ofangreindu nafni, að því er hann
byggur, á afrjettarlandi, svo hann geti öðlast nýbýl-
inga rjettindi eptir tilskipaninni frá 15. apríl 1776,
leyfi jeg mjer hjermeð þjenustusamlega að senda yður
til meðferðar eptir tjeðrar tilskipunar fyrirmælum
Íslands Stiftamtshúsi 13. júní 1865.
Th. Jonassen.
Til
Herra sýslumanns Clausen
Ennfremur var lagt fram brjef sýslumannsins
af 7. júlí s.á. samkvæmt hverju voru tilnefndir
sem áreiðarmenn Árni Björnsson hreppstjóri,
Árni Jónsson í Breiðholti, hreppstjóri Gísli Gísla-
son í Leirvogstungu og Hafliði Hannesson á Gufu-
nesi. Tjeð sýslumannsbrjef var framlagt acl No 2
svolátandi:
Árni Björnsson í Hvammkoti, Árni Jónsson í
Breiðholti, Gísli Gíslason á Leirvogstungu og Hafliði
Hannesson á Gufunesi útnefnast hérmeð til þess á-
samt mjer að halda skoðunargjörð á jörðinni um-
hverfis Lækjarbotn, og síðan samkvæmt brjefi stiftamts-
ins frá 13. júní þ.á., að mæla út land handa Þor-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

steini Þorsteinssyni á Lækjarbotni sem nýbyggjara.
Þessi gjörð skal framfara laugardaginn þann 22.
þ.m. f.m. kl. 11.
Þetta brjef umbiðst Árni Björnsson að senda til
Árna Jónssonar, Árni Jónsson til Gísla Gíslasonar,
Gísli Gíslason til Hafliða Hannessonar.

Skrifstofu Gullbr. & Kjósarsýslu 7. júlí 1865.

Clausen

Til
Sgn. Árna Björnssonar, Árna Jónssonar, Gísla
Gíslasonar og Hafliða Hannessonar.

Meðtekið 7. júlí s.á. og burtsent að Breiðholti sama dag

A. Björnsson

Meðtekið sama dag, burtsent 8. s.m.

A. Jónsson

Ennfremur var framlagt brjef frá Þorsteini Þorsteinssyni frá Lækjarbotni frá 29. maí þ.á., í hverju hann óskar sjer útvísað land til nýbýlis act. No 3 svohljóðandi:

Þegar eg árið 1861 var neyddur til að flytja frá Konungsjörðinni Hólmi í Seltjarnarneshreppi, og eg þá var jarðnæðislaus, tók eg það fyrir, að reisa nýbýli á óbyggðu landi, þar fyrir ofan, sem eg nefni að Lækjarbotnum og fekk eg þá leyfi til þess hjá eiganda Elliðavatns, landsyfirrjettardómara B. Sveinssyni, með því eg þá eigi vissi betur, en að land það sem eg tók til yrkingar væri í landareign nefndrar jarðar, en síðan hefi eg fengið mikinn grun um, að nýbýli mitt Lækjarbotnar eigi muni vera í landi Elliðavatns

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur muni það vera í afrjettaralmenningum, og er það því auðmjúk bón mín til yðar, hávelborni herra, að þjer samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 15. apríl 1776 vilduð leggja svo fyrir, að hlutaðeigandi sýslumaður, ásamt fjórum tilkvöddum mönnum, skoði land þetta, og með reglulegri gjörð ákveði, stærð og land-ameki landsins þessa, er fylgja skal nýbýli þessu, og afhendi mjer það svo og eg síðan mætti verða aðnjótandi rjettinda þeirra, sem slíku nýbýli ber, samkvæmt áðurnefndri tilskipun

Lækjarbotnum 29. dag maim. 1865.

Þorsteinn Þorsteinsson

Til

Stiftamtmannsins yfir Íslandi.

Eptir þar um gjörðri vitnesdju voru viðstaddir gjörðina eigendur hinna aðliggjandi jarða, Assessor Sveinsson á Elliðavatni fyrir hönd sjálfs sín og eigendi Helliskots. Ennfremur var mættur leiguliðinn á jörðinni Hólmi, Grímur Ólafsson. –

Ennfremur var framlagður skriflegur eiður hinna 4 meðdómsmanna, um að leysa af hendi þessa gjörð eptir beztu samvizku ad. Nr. 4 svolátandi:

Vjer undirskrifaðir, sem með brjefi Kjósar- og Gullbringusýslu frá 7. júlí þ.á., erum útnefndir til að halda skoðunargjörð á jörðinni Lækjarbotnum, samkvæmt beiðni Þorsteins Þorsteinssonar, og að útvísa og útmæla honum land samkvæmt tilskipun 15. aprílm. 1776, lofum og sverjum hérmeð, að leysa af hendi þessa gjörð eptir beztu samvizku án nokk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um manngreinarálits

Lækjarbotnum þann 22. júním 1865.

A. Björnsson. Á. Jónsson G. Gíslason. H. Hannesson
(handsalað)

Eptir að sýslumaðurinn og skoðunarmennirnir höfðu haldið áreiðina, ákváðu ~~skoðu~~ skoðunarmennirnir eptirfylgjandi landamerki á hinu útmælda svæði; ef býlið átti að vera byggilegt samkvæmt tilsk. 15. aprílm. 1776 nefnilega:
að norðaustanverðu: sjósla kvíslin af Fossvallaánni frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum upp að þúfu, sem stendur á Holtstanga fyrir neðan Neðri-Vötn, þaðan til útsuðurs í Grágrýtisklett, með rauf í er snýr í suður, svo sömu stefnu eptir langri kverku alla leið að Sandfellshnúk, sem það nær lengst norður, þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfjalli, þaðan ræður austurhlíð kinnahraunsins fyrir norðan Selfjall, niður fyrir bæ að lænum, og eptir honum norður í á.
Þetta land álitu skoðunarmennirnir að mundi fóðra 1 kú, 30 ær, 20 lömb og 1 hest; með tilliti til dýpleika þessarar jarðar, álitu þeir hana í samanburði við aðrar fjalljarðir 5-6 ♰.
Framstóð yfirréttardómari B. Sveinsson og lét bóka: að hann sem eigandi að Elliðavatni og umboðsmaður vegna jarðarinnar Helliskots, samkvæmt fullmakt útgefinni af E. Stefánssyni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dags. 1. aprilm. 1865, samt eptir leyfi því, sem beiðandi útmælingargjörðarinnar sjálfur hefur getið um, að hann hafi fengið hjá honum í brjefinu, sem framlagt var við gjörðina ad № 3, verði í kröptugasta máta að geyma sjer rjett sinn óskertan með tilliti til þess, hvers eign land það sje að álíta, sem útmælingargjörðin útvísar, eins og hann líka með tilliti til útmælingargjörðarinnar sjálfrar áskilur sjer rjett sinn óskertan, með tilliti til þeirrar ákvörðunar, sem stendur í 2. gr. nýbyggjaralaganna 15. april 1776 um slíkar útmælingar.
Framstóð þvínæst Jón Halldórsson ábúandi á Helliskoti, sem með tilliti til hins útmælda svæðis, gat þess, að svæði þetta hefði alið verið brúkað frá Helliskoti, og að hann ekki vissi betur en að landið heyrði til Helliskoti, jafnvel þó hann með engu gæti sannað þenna eignarrjett Helliskots, eins og hann og einnig áleit, að það mundi verða Helliskoti mikill skaði, að missa þetta land.
Framstóð því næst adjunct H. K. Friðriksson fyrir hönd Þorsteins Þorsteinssonar og bað bókað: að hann samkvæmt 2. gr. í tilsk. 15. aprilm. 1776 mótmæli þeirri kröfu assessors B. Sveinssonar, að hann hafi sinn rjett geymdan, og sömuleiðis eignarkröfu Jóns Halldórssonar á Helliskoti fyrir Helliskot til lands þessa, með því hann viti ekki betur, en að það se almenningt, að hið útmælda land sje kallað afrjettarland, og hvað Seltjarnarneshreppur og Reykjavík hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að minnsta kosti að sínum hluta orðið að greiða til vegabóta yfir þetta svæði, og verður hann því fyrir hönd Þorsteins Þorsteinssonar á Lækjarbotnum að óska þess, að útmælingargjörð þessi leiðist til lykta nú, samkvæmt áðurnefndri 2. gr. í tilskipun 15. aprilm. 1776, með því alls engar sannanir eru framkomnar fyrir eignarrjetti neins einstaks annars manns fyrir þessu landi.
Jafnvel þó eigendur hinna kringumliggjandi jarða nefnilega eigandinn eða ábúandinn á Helliskoti ekki geti sannað sinn órjúfanlegan eignarrjett að hinu útmælda svæði, þá urðu þó hinir tilkvöddu skoðunarmenn að álíta það sennilegt, að dýrleiki Hellisskots eptir hinu nýja jarða mati hefði verið ákveðinn eptir, að minnsta kosti nokkru af landi því, er útmælt var í dag, hvernig svo sem væri eptir hinu forna jarðamati.
Gjörð þessi getur því ekki skoðast sem endilegur dómur, með tilliti til stöðu Requirentsins gagnvart hinu útmælda landi, hvort hann fær það sem nýbýli eða afbýli.
Gjörðin verður því haldin að geymdum sjerhvers löglegum rjetti.
Clausen. A. Björnsson. A. Jónsson. G. Gíslason. H. Hannesson
H. H. Friðriksson. B. Sveinsson
Ár 1866, 4. desemberm. mættu á sýsluskrifstofunni í Hafnarfirði eptir innkalli þeir sem með útnefningu af 6. júlím. f.á. útnefndu menn til þess ásamt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með sýslumanninum að halda áreiðargjörð á Laugarhólmum, Árni Björnsson hreppstjóri í Hvammkoti, Árni Jónsson í Breiðholti, Gísli Gíslason í Leirvogstungu og Hafliði Hannesson á Gufunesi, til þess í sambandi með sýslumanninum endilega að gjöra út um spursmálið að hverju leyti land það, sem með skoðunar- og áreiðargjörð 22. júlí f. á. var ávísað Þorsteini Þorsteinssyni á Laugarhólmum, ætti að álítast sem nýbýli eða sem afbýli frá Helliskoti.

Framlagt var við gjörðina Stiftamtsbrjef af 18. júlí f. á. með fylgiskjali auk. tölul. 1 og „a" að tölul. 1, svolátandi:

№ 1.

Íslands Stiftamt
Reykjavík 18. júlímán. 1866.

Í hjálögðu brjefi hefur Þorsteinn Þorsteinsson á Laugarhólmum farið því fram, að áreiðargjörðin á land þessa nýstofnaða býlis af 22. júlím. f. á. megi verða endilega útkljáð þannig, að þjer, herra sýslumaður, með hinum útnefndu áreiðarmönnum, leggið úrskurð á það, hvort land það, sem áreiðargjörðin hefur tiltekið sé almenningur, eða hvort það beri að álíta sem part úr Helliskotslandi.

Þar sem nú úrlausn spursmálsins um, hvort Þorsteinn Þorsteinsson geti fengið nýbyggjararjettindi til hins útvísaða lands, hlýtur eptir tilskipun 15. apríl m. 1776 að vera komin undir því, hvort landið álítist að vera afrjettarland eða ekki, þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skal eg, jafnframt og eg sendi yður hjermeð brjef eins af áreiðarmönnunum til yðar, dagsett 27. júlím. f.á., mér tilhanda komið frá yður ásamt skoðunar- og áreiðargjörðinni af 22. s.m., biðja yður að taka málefni þetta fyrir að nýju með áreiðarmönnunum, og uppkveða úrskurð um það til þingleiðarinnar hver landið skuli álítast að vera innifalið í skuldsetningu Hellisholts, og þannig tilheyra þessari jörðu, ellegar sjerstakt almenningsland, sem ekki geti rýrt nokkurrar jarðar núverandi dýrleika, þó nýbýli yrði.

Hilmar Finsen

Til
Sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu

a ð No. i

Í brjefi mínu til hins háa Stiftamts 29. maím. í fyrra beiddist eg, að eg, samkvæmt tilskipun 15 aprílm. 1776, mætti öðlast nýbýlisrétt á landsvæði því, sem jeg nú hefi til ræktunar, og nefnt er Lækjarbotn, og var að boði Amtsins af hlutaðeigandi sýslumanni með fjórum tilkvöddum mönnum, gjörð skoðun á nýbýli mínu og ákveðin stærð þess, en nú hefur sýslumaður, með brjefi dagsettu 16. febrúar þ.á., tilkynnt mjer, að hið háa amt sjái sjer eigi fært, að gefa mjer nýbýlisbrjef fyrir býli, sökum þess, að í skoðunargjörðinni hafi eigi úr því verið skorið hvort hið útmælda land ætti að yfirlátast mér sem nýbýli eða afbýli, sem þó hefði átt að útkljást við skoðunargjörðina. Af þessum sökum dirfist eg að beiðast þess, að yður hávelborni herra mætti þóknast, að leggja fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sýslumanninum í Gullbringusýslu, að bæta úr
þeim galla, sem þannig hefur átt sjer stað, að
við skoðunargjörðina hefur ekki verið fylgt því,
sem fyrir er mælt í tilskipun 15. aprílm. 1776
§2 að útkljá við áreiðina á landið, spurninguna
um það, hvort nokkur geti eignað sjer landið með
rjettu, og þar sem eg ekki get ætlað, að þetta geti
átt sjer stað, leyfi eg mjer að vænta þess af hinu
háa amti, að býlið Lækjarbotn, sem eg nú er búinn
að byggja, verði álitið nýbýli, og mjer eptir téðri
tilskipun því veitt nýbýlisbrjef fyrir því, þegar
hin umbeðna álitsgjörð er afstaðin.

Lækjarbotni 14. d. júlím. 1860.

Þorsteinn Þorsteinsson

Til
Stiftamtmannsins yfir Íslandi

Til þess að vera viðstöddum við gjörðina var til
sagt assessor B. Sveinssyni, sem eiganda Hellis-
kots, ábúendum Helliskots, Þorsteini á Lækjarbotn-
um, hinn síðastnefndi var mættur en hinir ekki.
Samkvæmt hinu framlagða stiftamtsbrjefi var
spursmálið af sýslumanninum ásamt hinum út-
nefndu mönnum tekið til yfirvegunar.
Þar eð það, áður en spursmálið var til lykta leitt,
assessor Sveinsson og bændurnir á Helliskoti
voru mættir var málið aptur reassumerað.
Framstóð því næst assessor B. Sveinsson, sem bað
bókað, að einsog hin hjer um talaða útmælingar-
gjörð beri með sjer viðurkenning Requirentsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 14. júlím. þ. á. viðurkenni og eins og nýbyggjara-
lögin heimili, þá skjóli hann hjermeð, nema
því að eins að sátt og samkomulag tilkomi, að krefj-
ast þess fastlega, sem eigandi eða umráðamaður
Elliðavatns og Hellisfots, að ávöntun sú, sem af
aulinu sjálfu er viðurkennd eptir hinum fram-
lögðu skjölum, geti ekki að lögum eða eptir kringum-
stæðunum afgjörst, nema á staðnum sjálfum,
hvar fyrir hann í krapti laganna mótmælir að
þetta rjettarhald, fyrir utan hið áðurumgreinda
skilyrði, framfari.
Sýslumaðurinn athugaði viðvíkjandi því, sem nú
var tilfært, að þar eð skoðunar- og áreiðargjörðin var
haldin á sjálfum staðnum, verður að álítast
öldungis þýðingarlaust, hvar úrskurðurinn sje
felldur.
Fyrri Comparent, Assessor B. Sveinssyni var þar-
eptir boðið að koma fram með athugasemdir sínar
til sakarinnar Realitets, að því leyti sem hann hefði
þess konar að bóta.
Assessorinn bað því næst bókað, að hann að vísu,
þrátt fyrir þessa athugasemd sýslumannsins mundi
ekki geta fráfallið þessum rjetti sínum, hvorki í formel
eða real tilliti, en hjeldi sjer fast til hins gjörða
sáttatilboðs og að öðrum kosti til hinna tilvitnuðu
laga, sem bezt skeri úr þessu fyrirverandi spursmáli.
Frekara hafði hann ekki að fá bókað.
Þar eptir upplas sýslumaðurinn og meðdómsmennirnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málið til úrskurðar og felldu eptir tilhlýðilega yfirvegun svolátandi

Úrskurð:

Þareð það verður að álíta víst, að land það, sem Þorsteini Þorsteinssyni á Lækjarbotnum í Seltjarnarneshreppi, var útvísað með skoðunar- og áreiðargjörð þann 22. júlím. f. á., ekki geti verið innifalið í þeim dýrleika, sem jörðin Hellisskot hafði, eptir hinu eldra mati 10 h. Dýrleiki Hellisskots eptir jarðabókinni 1861 álíst nefnilega ekki að geta komizt til greina hjer, – og þar sem á hinn bóginn, hlutaðeigandi eigendur Hellisskots, jafnvel þó þeim hafi verið gefið tilefni þar til, ekki hafa komið fram

sic. með neinn eignarrjettar fyrir hinu umspurða landi, svo virðist að það land, sem þann 22. júlí f. á. var útvísað til Lækjarbotna verði að álítast sem nýbýli. Þetta resúltat verður einnig að framkoma, þegar tillit er tekið til, að Elliðaár, sem gjöra mörkin millum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu, liggja fyrir sunnan Hellisskot, en fyrir norðan Lækjarbotna, og sýnist það því ekki líklegt, að Hellisskot, sem liggur í Kjósarsýslu, hafi einnig átt land í Gullbringusýslu.

Því úrskurðast:

Land það, sem þann 22. júlím. f. á. var útvísað til Lækjarbotna í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu verður samkvæmt tilskipun 15. aprílmán. 1776 að álítast sem nýbýli.

Úrskurðinum var lesinn hátt upp og gjörðinni

slilið.

Clausen. A. Bjömsson. H. Hannesson. G. Gislason

A. Jónsson (handsal.)

Rjett eptirrit vottar

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. júlí 1869.

Clausen

Útskript 3½ ord. . 84ß - alls tíu og fjórir ß Rm.

betalt Cl.

Nr. 3.

Framlagt í keim fornungt Ísl. Lanzyfirrjetti

3. mai 1875

Magnus Stephensen

Bilag 14.

Framlagt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. janúar 1874.

Clausen.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.

Franz Siemsen

Nr. 16.

Eptirrit

úr dómabók Kjósar- og Gullbringusýslu

Ár 1883, hinn 12. dag jánúarmán. var í aukarjetti sýslunnar í málinu:

Guðmundur Magnússon

gegn

Hallbera Jónsdóttir

kveðinn upp svolátandi

Dómur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefnandinn, Guðmundur bóndi Magnússon í Hellisholi lögsækir í máli þessu hina stefndu, Hallberu Jónsdóttur, ábúanda á ~~nýbýlinu~~ Lœkjarkotinu, fyrir það að hún án sins leyfis og í sínu forboði hafi brúkað til beitar, slægna og torfristu 2 landstykki, sem hann telur að heyri undir ábúðarjörð sína Hellisholt, og krefst hann þess, að hún verði fyrir þennan ~~yfirgang~~ ágang dæmd til að greiða sjer skaðabætur 30 kr., og allan málskostnað skaðlaust eða eptir mati rjettarins. Hin stefnda krefst þess aptur á móti að hún verði sýknuð fyrir kröfum stefnandans, og að henni verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður. Hún hefur að vísu eigi mótmælt því, að hún hafi haft þau afnot af umræddum tveimur landstykkjum, sem hún er lögsótt fyrir, en hún kallar að þau afnot hafi verið sjer heimil; þó hefur hún enga sönnun sýnt fyrir afnotarjetti sínum, því að byggingarbrjef það frá hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, dags. 8. okt. 1875, er hún hefur framlagt, hefur eigi hina minnstu þýðingu í þessu máli, þótt það á annað borð eigi yrði álitin tóm markleysa, og á hinn bóginn er það in confesso, að nýbýlisland það, er útmælt var að Lækjarkotinu hinn 22. júlímán. 1865, og sem hin stefnda nú hefur til umráða, nær eigi yfir hin umræddu landstykki. Stefnandinn hefur aptur á móti fært rök fyrir því, – og hefur þeim eigi verið mótmælt –, að landstykkin hafi verið undir umráðum ábú-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

anda Helliskoti eða notuð þaðan verið 1847, enda
staðhæfir hann, að þetta hafi verið svo frá alda-ödli
og allt til þessa tíma. Þessi framsögu hans verður
sjerstaklega sennileg, þegar litið er á alla afstöðu, eins
og henni er lýst af tilnefndum skoðunarmönnum
hinn 1. sept. 1880. Það verður því að líta svo á, að land-
stykkin hafi verið í hefðarhaldi (possessio) stefnandans,
en hin stefnda hefur allt að einu og þrátt fyrir
yfirvaldsforboð, er stefnandinn hefur látið birta
henni, ráðist á að nota þau til torfristu, slegna
o. sv. frv.; hefur hún með því gjört sig seka í <u>heim-
ildarlausri sjálfstöku (Selvtægt)</u>, er hún á að bæta
stefnandanum fyrir. — Þar eð stefnda eigi hefur
mótmælt upphæð skaðabótakröfu stefnandans, verður
að taka hana til greina. Málskostnaður á þar á móti
að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin stefnda Hallbera Jónsdóttir greiði stefnand-
anum Guðmundi Magnússyni skaðabætur að
upphæð 36 — þrjátíu og sex — krónur. —
Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lög-
birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Kristján Jónsson

Rjett eptirrit staðfestir
Kristján Jónsson

Gjald: 50 — fimmtíu — aurar Kr. J.

Ár 1883 þann 7. júní höfum við undirskrifaðir stefnu-
vottar í Seltjarnarneshreppi birt framanskrifaðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dóm Hallberu Jónsdóttur á Laugarbóluum persónulega á hennar lögheimili. Þetta vitnum við í krapti vors eiðs með undirskrifuðum nöfnum og hjásettum signetum.

Ingjaldur Sigurðsson. Eiríkur Bjarnason.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18. sept. 1891.

Franz Siemsen.

Nr. 17

Kristján Jónsson

sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu

Kunngjörir, að ár 1880, hinn 28. ágústmán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni með vottum Torfa Magnússyni og Jóni Einarssyni.

Eptir beiðni Guðmundar bónda Magnússonar á Elliðakoti var þá tekið fyrir,

að útnefna menn til að gjöra áreið á landamerki jarðarinnar Elliðakots að sunnan, sjerstaklega að því er snertir svokallaðan Álfthaga (eða Nálthaga) og Miðmundamýri.

Samkvæmt ofanritaðri beiðni útnefndi rjetturinn þá herra:

Þorlák Guðmundsson,
Sæmund Sæmundsson,
Guðmund Einarsson og
Halldór Jónsson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til þeir sem sunnunga og óvilhalla menn að framkvæma áreiðargjörð þessa ásamt dómaranum. Ber hinum útnefndu mönnum að framkvæma starf þetta eptir beztu þekkingu og samvizku, þannig að þeir geti staðfest álit sitt með eiði, ef krafizt verður. – Skoðunin á að fara fram 1. dag Septbr. næstkomandi.

Rjetti slitið. Vottar:

Kristján Jónsson Torfi Magnússon

Jón Einarsson.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli

Kristján Jónsson

(L. S.)

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.

Franz Siemsen.

Nr. 18.

Útskript

úr aukarjettarbók Kjósar- og Gullbringusýslu

Ár 1880 hinn 1. dag septembermán. var aukarjettur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Elliðakoti og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með vottum Jóni Kolbeinssyni og Jóakim Ámundasyni. Var þá tekið fyrir að færa til bókar álit útnefndra áreiðarmanna

um landamerki Elliðakots að sunnan, sjerstaklega að því, er snertir svokallaðan Álfhaga (eða Nálfhaga) og Miðmundamýri.

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

Hinir útnefndu skoðunarmenn voru hreppsnefndarmennirnir úr Seltjarnarneshreppi, Þorlákur Guðmundsson og Sæmundur Sæmundsson og hreppstjórarnir úr Mosfellssveit Guðmundur Einarsson og Halldór Jónsson. – Voru þeir allir mættir í rjettinum. Ennfremur var mættur beiðandi áreiðargjörðarinnar, Guðmundur bóndi Magnússon í Elliðakoti. Ábúandi Lækjarbotnanna, Hallbera Jónsdóttir, var að vöruð um að mæta, en mætti eigi. Eptir að áreiðarmennirnir höfðu farið á landið ásamt dómaranum var það samhuga álit þeirra,

að merki Elliðakotslands að sunnan sje syðsta kvísl Fossvallaánna niður að Lækjarmóti (þar er Lækjarbotnalækur kemur saman við ofannefnda kvísl), þannig að bæði nátthagi og miðmundamýri sje innan Elliðakotslands.

Áreiðarmennirnir vilja taka fram sem sjerstakar ástæður fyrir þessu áliti sínu.

1º að þar sem Elliðakot sje að nýju mati 20,9 H. (gamalt mat 10 H), hljóti það að eiga talsvert land utan túns, en viðurkennt er og ómótmælanlegt, að land téðrar jarðar að norðan og vestan, er örmjótt til merkja næstu jarða; hlýtur því land jarðarinnar eptir dýrleika og jarðarmegni að liggja á hinar hliðarnar,

2º Var skoðað í rjettinum brjef um skipti á túni og Elliðakots engjum, er framfarið varið 1847, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjörð var af ekkjunni Sigríði Jónsdóttur, er þá var eigandi og ábúandi Elliðakots. Er þar bæði
sic. Nátthagi og Miðmundatjörn talin eiga að heyra til Elliðakots, sem slægjuland.

3º Þegar Lækjarbotnaland var útmælt sem nýbýli 22. júlí 1865, eru takmörk Lækjarbotnalands að norðan talin: „Syðsta kvíslin af Fossvallaánum að Lækjarmóti, sem rennur frá bænum", og virðast þannig merkin sett milli þeirra býlis og Elliðakots.

4º Þar sem bæði Nátthaginn og Miðmundamýri, sem hvorttveggja er slægjuland, liggur örskammt frá túnjaðri Elliðakots (Nátthaginn þannig eina hundrað faðma frá stöðlinum), geti það með engu móti álitist afrjettarland, en verði að skoðast sem heimaland. Enda segjast skoðunarmennirnir, sem kunnugir eru fjalla-jörðunum um fleiri sýslur, engin dæmi þekkja þess, að afrjettarland liggi svo nálægt túni nokkurrar jarðar. –

Skoðunarmennirnir vilja ennfremur taka það fram, að nýbýlið Lækjarbotnar stóð á öðrum stað, töluvert sunnar, þá er landi þess var útvísað 1865, en að það síðan hefur verið flutt þangað, sem það nú er, nær takmörkunum Elliðakots.

Guðmundur Magnússon óskar þá yfirlýsingar rjettarins um, hvort honum sje heimilt, að taka hey það, er Hallbera Jónsdóttir hefur í forboði hans slegið í svokölluðum nátthaga, að svo miklu leyti hún eigi enn hefur flutt það heim til sín, og á sína lóð. – Eptir úrslitum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skoðunargjörðar þessarar álit rjettinum, að Guðmundi væri það heimilt, þareð hann skýlaust hefur forboðið henni að vinna í nátthaganum, en hún eigi hirt um það forboð.
Var þá hið bókaða lesið upp og samþykkt, og kváðust gjörðarmennirnir fúsir að staðfesta álit sitt með eiði.

Rjetti slitið
Kristján Jónsson

Þorláður Guðmundsson.
Sæmundur Sæmundsson
Halldór Jónsson
Guðm. Einarsson.

Vottar:
Jón Kolbeinsson
handsalað
Jóakim Ásmundsson
Viðstaddur: Guðm. Magnússon

Rjett útskrifað úr aukarjettarbók Kjósar- og Gullbringusýslu vottar
Gjald til landssjóðs
Ritpeningar 50 - fimmtíu - aurar
KrJ.
Kristján Jónsson.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 19.

Eptirrit.

Hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi kunngjörir: að vjer höfum byggt eins og vjer hjermeð byggjum Halldóru Jónsdóttur á Lækjarbotnum þann hluta úr afrjettarlandi Seltjarnarnesshrepps, sem liggur milli þess lands, sem Lækjarbotnum var útvísað árið 1866

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og línu þeirrar, er liggur frá Hólms landamerinum nálægt svokölluðu Hraunsnefi, og svo það sem Elliðaár ráða uppí upplönd þeirra, fyrir 10 fiska árlegt eptirgjald. – Skal hún mega nota og yrkja þetta land eptir eigin geðþekni til löglegrar brúkunar, er hún sjálf meðþarf, einum og sjerhverjum öðrum útí frá fyrirmunað að nota eða yrkja þetta land á nokkurn sem helzt hátt.

Í hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps, 8. Nov. 1875.

Undir nöfnum vorum og innsiglum.

Kristinn Magnússon. (L.S.) Ólafur Guðmundsson

Ólafur Ólafsson. Erlendur Guðmundsson (L.S.)

Ingjaldur Sigurðsson (L.S.)

Að þetta eptirrit hafi af mjer verið borið saman við frumritið, og fundið að vera því samhljóða, vottast hjermeð. –

Íslands Suðuramt, Reykjavík 28. ágúst 1880.

Bergur Thorberg.

Gjald: 50-fimmtíu-aurar Rjett eptirrit staðfestir

Kr. J. Kristján Jónsson

Lagt fram í manntalsþingi Kjósar- og Gullbringusýslu.

Franz Siemsen

Nr. 20.

Ofstaba 5. ágúst 1891.

Heiðraði frændi!

Með brjefi, dagsettu 28. f. m. mælist þú til, að eg láti þig vita, hvort jörðin Stóri-Botn í Strandarhreppi eigi nokkuð af landi sínu innan takmarka Kjósarsýslu og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vil eg gjarnan verða við þessum tilmælum að því leyti sem mjer er kunnugt og verður skýrsla sú á þessa leið: Fullur helmingur af Stóra-Botnslandi liggur fyrir sunnan Botnsá, og svo hefir það verið frá ómuna tíð, enda eru nú þau landamerki samþykkt af öllum hlutaðeigendum og þinglesin samkvæmt landamerkjalögunum. Nú er Botnsá almennt talin merkjatakmark milli Borgarfjarðarsýslu og Kjósarsýslu og hefir það verið síðan í fornöld, að hún (áin) hefir verið talin takmark Þverárþings og Kjalarnesþings. Þannig virðist eptir hinum staðarlegu takmörkum að sá hluti af Stóra-Botslandi, er liggur fyrir sunnan Botnsá, sè innan Kjósarsýslu. Aptur á hinn bóginn hefir landshluti þessi hvorki lögsögu eða sveitarfjelagsrèttindi sameiginleg við Kjósarsýslu eða Kjósarhrepp, eins og auðvitað er, heldur ráða þar landamerki milli jarðanna í Botnsdal og í Brynjudal, svo að þessu leyti lýtur Stóri-Botn að öllu leyti undir Strandarhrepp og Borgarfjarðarsýslu.

Eg skal líka leyfa mjer að geta þess, að það er ekki aðeins Stóri-Botn, sem á land í takmarki annarar sýslu, þannig er með Krísuvík í Gullbr.-sýslu að hún á ekki all-litla landsspildu innan takmarka Árnessýslu og svo getur víðar verið. Frekari upplýsingar í þessu máli, get eg ekki gefið, enda virðist þess ekki þörf.

Með virðing og vinsemd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Vigfússon
Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 21.

Hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi hefur meðtekið brjef yðar af 18. maí þ.á. ásamt landamerkjalýsingu yðar.
Þar sem þjer nú ekki gátuð samþykkt landamerkjalýsingu Seltjarnarneshrepps, sjáum vjer ekki hafa neina þýðingu þó vjer sendum menn til móts við yður, að það verði til annars en kostnaðarauka því að líkindum verður ekki samkomulag.

Seltjarnarneshrepp 7. júní 1889.
Guðm. Einarsson. Þ. Jónsson. Sigurður Einarsson.
Ingjaldur Sigurðsson. Þ. Guðmundsson.
Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 22.

Hjermeð sendi eg hreppsnefndinni í Seltjarnarneshrepp landamerkjalýsingu mína á svæði því sem land mitt liggur að afrjetti þeirra. En af því að merkjalýsing mín ekki mun vera eins og sú er hreppsnefnd sendi mjer fyrir löngu og eg neitaði að samþykkja, þá vil eg leyfa mjer að stinga uppá því við nefndina hvort henni ekki sýnist að senda 2 menn til að ríða á merki okkar ásamt mjer og ætlu þeir að hafa með sjer merkjalýsingu sína (eg tók ekki afskrift af henni). Eg ímynda mjer að samkomulag verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar við komum saman, með því að auðsætt er að afnot landsins munu verða lík og nú er, þó merkjadómur yrði háður, og sem óvíst er hvernig fjelli.
Vilji hreppsnefndin sinna þessari uppástungu minni ekki það að gjörast fyrir stálk í Sunnar og þyrfti eg að vita það nokkru fyr svo ferðin yrði ekki gagnslaus af því að eg væri ekki heima.

Með virðingu
Elliðakoti 18/5-89
Guðm. Magnússon

Til
hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshrepp.
Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 23.

Landamerkjalýsing.

jarðarinnar Elliðakots í Mosfellssveit & Kjósarsýslu á móts við afrétt Seltirninga:
„Frá Vífilfelli niður Sandskeiðið, niður fyrir Vatnaseluhúsið og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðrivötn niður að þúfu sem stendur á holtstanga fyrir neðan Neðri Vötn."
Á merkjalýsingu þessa óska eg að hreppsnefnd Seltirninga skrifi samþykki sitt og sendi mjer síðan.

Elliðakoti 18. maí 1889
Guðm. Magnússon

Hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi getur ekki fallist á þessa landamerkjalýsingu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seltjarnarnesshreppi 7. júní 1889.
Guðm. Einarsson Ingjaldur Sigmundsson. Þórður Jónsson
Þ. Guðmundsson. Sigurður Einarsson.
Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Nr. 24.

## Landamerkjaskrá

jarðarinnar Elliðakots liggjandi í Mosfellssveit og Kjósarsýslu.

Að vestan- og norðanverðu: Elliðaáin frá Heiðartagli til austurs þar til Gudduós fellur í hana, og svo ósinn sem hann nær uppí Selvatn, og svo Selvatnið, sem það nær lengst til austurs þar sem Sellækurinn fellur í það, þaðan beina stefnu til suðausturs yfir heiðina í Lyklafell sem það er hæðst og svo eptir árfarinu frá Lyklafelli til austurs uppað stefnu beint frá Borgarhólum í Vífilsfell sem er takmörk Árnessýslu.

Að austanverðu: frá árfarinu til suðurs eptir nefndri stefnu beint í Vífilsfell.

Að sunnanverðu: frá Vífilsfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatnaselshús og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðri vötn niður að þúfu sem stendur á Hollstanga fyrir neðan Neðri Vötn, þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjarmóti niður hjá Hraunsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðartagl.

Ellidakoti 28. júlí 1883
Guðm. Magnússon

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:

Grímur Ólafsson
ábúandi á Hólmi uppá
væntanlegt samþykki yfirvaldsins
B. Sveinsson
eigandi Lækjarbotna

Guðmundur Einarsson
ábúandi á Miðdal
Samþykkt vegna Ölveshrepps
Jón Árnason oddviti

Halldór Jónsson
ábúandi á Vilborgarkoti

Lesið á manntalsþingi fyrir Mosfellshrepp að Lágafelli 4. júní 1890 og síðan ritað í afsals- og veðbrjefabók Kjósar- og Gullbringusýslu, Litr. I, Nr. 91, bls. 120-121.

Gjald 1-ein-króna
Franz Siemsen
Franz Siemsen
(L.S.)

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu 18/9 1891.
Franz Siemsen

Leggur stefndi málið í dóm með skírskotun til skjala þeirra, sem hann hefir framlagt.
Umboðsmaður hinna stefndu biður um skjölin ljeð og frest í málinu til morguns kl. 10 f. h.; var það veitt með samþykki málspartsins. Skjölin Nr. 1-24 afhent umboðsmanni hinna stefndu, og afhendist þau kl. 10 að Ártúnum.

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið
Franz Siemsen
Hannes Hafstein
Guðm. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eggert Finnsson. Guðni Þorbergsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson

Ár 1891 hinn 19. september var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Ártúnum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með meðdómsmönnum Eggert Finnssyni, Guðna Þorbergssyni, Jóni Þórðarsyni og Jóni Jónssyni. Var þá fyrir tekið málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn
Guðmundi Magnússyni
út af landamerkjum.

Umboðsmaður stefnenda, landritari H. Hafstein er persónulega mættur, skilar aptur skjölum málsins Nr. 1-24, lagði fram og las upp í rjettinum sóknarskjal, dags. í dag. Skjal þetta auðk. Nr. 25 og hljóðar svo:

Nr. 25.

Málið: Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
og bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Guðmundi bónda Magnússyni
í Hellisholi.

Gagnvart vitnaleiðslu þeirri, sem jeg hef framlagt, og öðrum skilríkjum, virðast skjöl þau og sneplar, sem hinn heiðraði mótpartur hefur komið með, vera harðla þýðingarlaus. Flest þeirra snerta alls eigi að neinu leyti hina fyrirliggjandi þrætu, og ekkert einasta af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim hefur minnsta sönnunarkraft um þrætu-
efnið, því síður að mótpartur minn sýni neðra eign-
arheimild með framlagning þeirra.
Skjöl mótpartsins ná yfir rjettarskjölin 13-24 incl.;
13 skjalið er vörn, sem jeg síðar mun minnast á
nokkrum orðum.
Rjettarskjal Nr. 14 er framlagt í þeim tilgangi að
reyna að sýna, að hreppsnefndin og bæjarstjórn Reykja-
víkur hafi ekki gjört tilkall til annars lands en fyrir
sunnan Fossvallaár. En þegar þess er gætt, að brjef
það, sem mótpartur minn ætlast til að bendi á þetta,
er ritað einmitt til þess að leita rjettar síns gegn
manni, er var að heyja leyfislaust langt fyrir
norðan sýslu kvísl eða farveg árinnar, er um
Vötnin rennur, þá er auðsætt, hvort það er um leið
viðurkenning fyrir því, að brjefritendurnir geri ekk-
ert tilkall til lands fyrir norðan sýslu farveginn.
Það lá alls ekki í tilgangi brjefsins að taka þar fram
merki eða farvegarennsl. Þetta „sönnunargagn“ mót-
partsins er því einskisvert.
Rjettarskjal 15, útmælingargjörð á Lækjarbotnalandi,
sannar ekkert nema það, að það hefur formlega
verið úrskurðað, að Lækjarbotnar skyldu álítast nýbýli,
þ.e. býli mælt út í afrjettarlandi, en ekki í neinnar
sjerstakrar jarðar landi. Með því að Hellisskotsmaðurinn
hafði mælt með kröfu, er þetta úrskurður á móti
honum, bæði að því, að hann hafi alls engar sönnun
fært á neinn rjett sinn, og að því, að afrjettarlandið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geti eigi álitizt að hafa verið tekið til greina við skuldsetning eða mat jarðarinnar Helliskots. Hjer við athugast, að það er alveg sjerstakt undantekningarákvæði, að eptir tilsk. 15. april 1776 ber nokkurt tillit að taka til mats kringliggjandi jarða, þegar nýbýli eru upptekin og útmælt; en jarðamat hefur alls ekkert sönnunarafl í privat eignarþrætum; þar að auki eiga þarað lútandi ákvæði tilskipunar 15. april 1776 að eins við mat það, sem gilti þegar sú tilskipun kom út (sbr. orð tilskipunarinnar), þ. e. öllu við forna matið, en alls ekki við nýtt mat, sem síðar er gjört. Því atriði, að Lækjarbotnar eigi ekki land nema að sunnanverðu árinnar, mótmælir enginn, en það sýnir að eins það, sem alltaf hefur verið fram haldið, að Lækjarbotnaland er útmælt inn í afrjettarlandinu, þannig, að afrjettarlandið er allt í kring; en gjörðin sjálf sýnir, að það var alls ekki meiningin að Lækjarbotnar ættu land fast að Hellisskotslandi, þó að þeim herrum, sem voru að skoðunargjörðinni 1. sept. 1880 (rjettarskjal 18) hafi þóknast að álíta slíkt sennilegt. Þetta skjal snertir því ekkert málið, síst megin þrætulandið. Fellu vöttu-Rjettarskjal Nr. 16, dómur í máli milli Guðm. Magnússonar og Hallberu Jónsdóttur útaf sjálftöku (Selvogst) Hallberu, að því er snertir torfristu etc. gegn „yfirvaldsforboði", er Guðmundur hafði látið birta henni, sannar að eins það, að dómarinn hefur fylgt reglunni: „Enginn má taka sjálfum sjer rjett etc." Af þessari ástæðu kemst byggingarbrjefið ekki að. Að öðru leyti nefni

dómurinn aðeins „possessió“ – notkunarhald – en alls ekki eignarrjett að landi því, sem þar er um að ræða, sem virðist aðeins vera Nátthaginn eða Álfhaginn, eða í öllu falli partur úr neðra þrælsstykkinu. Þessi dómur er þannig alls ekki neitt heimildarskjal fyrir stefnda þessa máls að neinu leyti og sannar í engu hans rjett. Hefði ekki verið um „Selstegt“ að ræða, sem er sjerstakt afbrot, er alveg ósjeð, hvernig málið hefði farið.

Rjettarskjöl 17–18 eru um áreið – einhliða skoðunargjörð – á landi Hellisholts að sunnanverðu, eptir beiðni eigandans, sjerstaklega um Nátthagann og Miðmundarmýri. Þessi gjörð er eptir eðli sínu ekki sönnun fyrir neinu, heldur aðeins álit, og snertir aðeins eða sjerstaklega minnihluta landsins. En af því að ástæðurnar fyrir álitinu því, er skoðunarmennirnir láta í ljósi eru svo frámunalega merglitlar, vil jeg benda á þær og svara þeim fáum orðum.

ad 1. Fyrsta ástæðan er hið nýja mat Hellisholts, sem samkvæmt framansögðu engin heimild er til að taka tillit til við eignarþrætur, síst nýja matsins, sem gjört er eptir 1776. Þetta er því alls engin sönnun.

– 2. Skipti á túni og engjum Hellisholts 1847 geta í hæsta lagi borið vitni um notkun Nátthagans og Miðmundarmýrar, en alls ekki neitt um sannan eignarrjett.

– 3. Það sannar ekkert um merki milli Lækjarbotna og Hellisholts, þó að syðsta kvísl árinnar ráði merkjum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

milli Bæjarbotna og hins þvingrum liggjandi afrjettar-lands: Það sem skoðunarmennirnir segja, er postulat, ept sem ástæðar.

ad 4. Sú ástæða, að mennirnir vili ekki dæmi til, að afrjettarland liggi svo náglægt bæjum, fellur burt þegar af því, að mönnum hefur aldrei frá því land byggðist verið bannað að byggja sel svo náglægt afrjettum sem þeim hefur þóknast. Sá sem fyrst hefur byggt Hellissel, hefur af einhverjum ástæðum viljað vera náglægt afrjettinum. En þar með hefur hann ekki gjört landnám í öllu afrjettarlandinu eða öllu graslendi þess. Ennþá heitir selið Hellissel en ekki Elliðasel. Þetta álit áreiðarmannanna, að sjónhæð kvíslin ráði merkjum, að minnsta kosti að neðanverðu, er þannig svo gjörsamlega öllum skynsamlegum ástæðum horfið, að það er algjörlega þýðingarlaust, og mótmæli jeg að nokkurt tillit sje til þess tekið í þessu eignarþrætumáli.

Rjettarskjal 19. kemur ekkert þessu máli við.

Rjettarskjal 20, privatbrjef frá einhverjum kunningja mótpartsins, mun eiga að reyna að telja inn því, að það er óyggjanlega sannað, að allt þrætulandið er í Seltjarnarneshreppi, Gullbringusýslu. En í fyrsta lagi mótmæli jeg því, að það sem þessi kunningi mótpartsins segir konum í fjellum sje rjett hermt, - það er sem óeiðfest vottorð, sem ekki einusinni er gefið til þess að notast við dómsmál - og í öðru lagi sannar það ekkert, þótt satt væri, því að þó að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jarðir geti átt eða notað ítök og engjablettí í öðrum hreppum, þá þarf til grundvallar fyrir því að liggja einhver „Overdragelse", sem sönnuð verður, því að það er vitanlegt, að hreppaskiptingin er upphaflega gjörð þannig, að viss jarðafala, er saman liggja, eru taldar saman í hrepp, en ekki skipt eptir sjerstökum útmælingum. Ef jörð á stykki í annari sveit, þá kemur það til af því, að stykki hefur verið selt, gefið eða á annan hátt fargað undan einni jörð og lagt til hinnar, en skilríki fyrir því þarf að sýna, ef kaldast á. Sýni mótpartrinum hvenær Hellisholt hefur eignast engjar í afrjetti Seltjarnarneshrepps. En jeg efast um að hann geti sýnt slíkt. Enginn fyrr en hann, hefur fundið uppá því, að telja Foellvöllu með landi Hellisholts. Hann er sá fyrsti maður, sem hefur látið sjer hugkvæmast slíkt landnám. Jeg mótmæli því, að skjalið sje að nokkru til greina tekið.
Skjölin 21–24 snerta aðeins landamerkjalýsing Hellisholts, sem jeg mótmæli að sje rjett, og var ekki von að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps gæti fallizt á hana, og um samkomulag hefur til þessa ekki verið tilraunir að leita við mótpartinn.
Eptir að hafa gengið í gegnum þessi skjöl, skal jeg þá snúa mjer að varnarskjali mótpartsins, sem að mestu er svarað, með því sem um hin skjölin hefur verið sagt. Þannig er hraðin hin mátt lausi vartogunartilraun hans á brjefi hjeraðsfógetans í

Rok og hreppstjórans í Seltjarnarneshreppi til sýslumanns, dags. 12. ágúst 1890, og það sem mótpartinum vill leiða út úr þeirri þyðingu sinni. Jeg mótmæli aptur, að nokkuð sje rjett í því, sem hann segir viðvíkjandi þessu.

Mótmæli mótpartsins gegn vitnunum úr Seltjarnarnesshreppi og Reykjavík eru víst aðeins spaug mótpartsins. Það er ómögulegt, að jafngreindur maður sje svo blindur, að hann álíti að hvert mannsbarn í Reykjavík og hreppnum sje mótpartur sinn eða við málið riðinn, og megi því ekki bera vitni eða sje óvilhallt vitni. Eptir þessari kenningu ætti til dæmis svo að vera, að ef Stórbær, eins og t.d. Kaupmannahöfn væri svipt einhverjum landrjettindum sínum, og hlutaðeigandi autoritet því færu í mál bæjarins vegna, þá ætti ekki að mega nota neinn vitni, því síður dómara, sem byggju í Kaupmannahöfn. Þannig yrði þá í því tilfelli hæztirjettur „inhabil“, en í þessu máli landsyfirrjetturinn „in corpore“, því að það sem gildir um vitni til að gjöra þau óbrúverð, gjörir dómara „inhabil“. Jeg neita þessum röngu mótbárum og vöflum mótpartsins, sem engan stað eiga, og krefst þess, að vitni þau, sem jeg hef leitt, verði álitin að öllu leyti óvilhöll og óriðin við þetta mál. Jeg neita því, að Seltirningar og Reykvíkingar hafi notað afrjettarland Hellisdals. Þeir hafa notað Fóellvötn sem afrjett, eins og ljóslega er sannað, en aldrei

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rekið í Helliskotsland, og það er að eins af góðmennsku og fyrir fjarlægðar sakir, ef eldri ábúendum Helliskots ekki hefur verið meinað að slá engjum og sinnunni uppí Vötnunum.
Loks skal jeg taka fram, að það er, eins og merkjadómnum hefur sjeð, stór munur á norðurfarveginum og suðurfarveginum sem merkjafarveg. Norðurfarvegurinn gengur hjerumbil þráðbeint uppundir Lyklafell, glöggur og djúpur, með grjót í botni og víða klappir í börkum. Hinn syðsti farvegur, sem mótpartsurinn vill láta ráða, hlykkjast strax þegar kemur upp fyrir klifið í skál hlykki og króka, er þegar uppeptir dregur víða óglöggur og hverfur í vötn og polla, og bugðast yfir höfuð til hægri og vinstri, svo engar reiður er á að henda, svo að það væri þegar af þeirri ástæðu ómögulegt, að hann hefði nokkurn tíma ráðið merkjunum, auk þess sem ekkert af því, sem í málinu er framkomið, bendir á, að hann nokkurntíma hafi gjört það. Þvert á móti bendir allt á að norðurfarvegurinn gjöri það, ásigkomulag farvegsins, framburður vitnanna, nokkur Fóellsvatnanna, sem öll eru fyrir norðan suðurfarveginn, og kort Gunnlögsens, sem stendur of föstum fótum að því er áreiðanlegleika snertir, til þess að mótpartsurinn geti haggað gildi þess með óákveðnum og ástæðulausum mótmælum, enda margendurtók mótpartsurinn í gær, svo að rjettsvinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heyrði, að hann hefði ekkert á móti því að það væri rjett sem Gunnlögsens kort sýnir, að hreppamörkin væru eptir Norðurármi Leirl. uppí Lyklafell.
Loks leyfi jeg mjer og að minna hinn heiðraða dóm á hið gamla árfar, sem sjest upp með hlíðinni, og tvö vitni hafa borið um, en sem aðeins er markaður á uppdrættinum með bláu blýantsstryki.
Viðvíkjandi málskostnaði við rjettarhald 21. júlí skírskota jeg til þess, sem þá var bókað, og held því föstu, en mótmæli mótbárum mótpartsins. Það var honum að kenna, að merkjadómendur þurftu að koma saman þá.
Að öðru leyti skírskota jeg til rjettarkrafa þeirra, sem jeg gjörði í gær, og held þeim föstum, með þeirri athugasemd, að varakrafa mín inniheldur enga breytingu á merkjalýsing umbjóðenda minna nema að því er snertir kaflann frá Nátthagavatni austur og upp á Fossvallaklif. Svo mótmæli jeg öllu vörn mótpartsins og varnargögnum hans, orð fyrir orð og lið fyrir lið, og legg málið í dóm með fyrirvara.

Ártúnum, 19. sept. 1891.

Virðingarfyllst
Hannes Hafstein

Til
merkjadóms Kjósar- og Gullbringusýslu.

Lagt fram í merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu að Ártúnum 19/9 1891.
Franz Siemsen.

Stefndi var persónulega mættur og biður bókað:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg mótmæli því, að enn í dag sje framkomin af hálfu stefnenda nokkur minnsta sönnun fyrir því, að þetta umþrætta land nokkurn tíma hafi tilheyrt Reykjavíkurbæ eða Seltjarnarneshreppi, því afnot þau frá Reykjavík sanna ekki neitt; eins og fram er tekið í vörn minni hafa þau verið þoluð, af því menn hafa eigi reist rönd við því. Að öðru leyti mótmæli jeg í einu sem öllu hinu langa sóknarskjali mótp. sem alveg sönnunarlausu, en skírskota til framlagðra skjala af mjer, sem virðilegra sönnunargagna. Legg jeg svo málið í dóm.

Umboðsmaður stefnenda mótmælir og leggur í dóm.

Málið tekið undir dóm.

Frekara eigi fyrir tekið

Rjetti slitið

Franz Siemsen

Eggert Finnsson. Jón Þórðarson. Jón Jónsson. Guðni Þorbergsson

Ár 1891 hinn 19. september var merkjadómur Kjósar- og Gullbringusýslu settur að Ártúnum og haldinn af hinum reglulega dómara, sýslumanni Franz Siemsen með með meðdómsmönnum Eggert Finnssyni, Jóni Þórðarsyni, Guðna Þorbergssyni og Jóni Jónssyni. Var þá tekið fyrir málið

Bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps gegn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundi bónda Magnússyni
í Helliskoti (Elliðakoti
útaf landamerkjum

og í því umþrættinu Svolálandi

## Dómur.

Með stefnu, dagsettri 7. maí þ.á., hefir bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps höfðað mál þetta gegn hinum stefnda, Guðmundi bónda Magnússyni í Helliskoti (Elliðakoti) útaf ágreiningi um landamerki milli afrjettarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Helliskoti. Hafa stefnendur lagt fram landamerkjaskrá og eptir henni krafizt þess, að landamerkin fyrir afrjettarlandinu verði talin: „Fyrst að norðanverðu: úr svokölluðu Hraunsnefi, neðanvert við Lækjarbotnaland og svo eptir hraunhólum þeim, sem liggja úr hraunsnefinu beint norður í á, og svo ræður áin allt uppí Állhaga- (eða Málhaga-) valn, og svo eptir því miðju þangað til áin fellur í valnið fyrir norðan Állhagann, og sem sú á ræður suðaustur með heiðarbrúninni; svo úr henni neðan til við uppsprettu hennar eptir árfarvegi, og í aðal-Fossvallaána, þar sem hún fellur niður úr gljúfrinu fram af heiðarbrúninni; svo ræður sú á, sem liggur með heiðarjaðrinum (Elliðakotsheiði) alla leið að norðanverðu við Fóelluvötn allt upp fyrir norðan ás þann, er skilur Efri- og Neðri-Vötn, þaðan eru merkin áframhald með sömu heiði upp ár-farveginn, sem liggur sunnan undir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lyklafelli, og eptir þeim farveg austur og uppí Sýslumörk."

Þessari landamerkja lýsingu sinni til stuðnings hafa stefnendur lagt fram hjer við rjettinn:

1, Akt in forma, af vitnaleiðslu, er fram fór fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 16. þ.m.,

2, Yfirlýsingu frá 34 mönnum í Villingaholtshreppi, dags. 16. júní þ.á.,

3, Eptirrit af Íslands-uppdrætti Gunnlögsens og

4, Uppdrátt yfir þrætulandið.

Stefndi aptur á móti hefir mótmælt þessari merkjalýsingu og lagt fram í rjettinum skrá yfir landamerkin, eins og hann telur þau, og eptir henni krafizt, að landamerki fyrir Elliðakotslandi verði talin:

„Að vestan og norðanverðu: Elliðaáin frá Heiðartagli til austurs þar til Gudduós fellur í hana og svo ósinn sem hann nær uppí Selvatn, og svo Selvatnið sem það nær lengst til austurs þar sem Sel-lækurinn fellur í það; þaðan beina stefnu til suðausturs yfir heiðina í Lyklafell þar sem það er hæst, og svo eptir árfarinu frá Lyklafelli til austurs uppað stefnu beint frá Borgarhólum í Vífilfell, sem er takmark Árnessýslu. Að austanverðu: frá árfarinu til suðurs eptir nefndri stefnu beint í Vífilfell. Að sunnanverðu: frá Vífilfelli niður Sandskeiðið niður fyrir Vatna-sæluhús, og svo eptir árfarinu fyrir sunnan Neðri-Vötnin að þúfu, sem stendur á holts-tanga fyrir neðan neðri Vötn;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þaðan eins og ræður syðsta kvíslin af Fossvallaánni niður hjá Lækjarbotni fyrir sunnan Tröllborn hjá Lækjamóti, niður hjá Hraunsnefi og þaðan eptir sömu kvísl þar til hún fellur í Elliðaána við svokallað Heiðartagl."

Þessari merkjalýsingu sinni til stuðnings hefir stefndi lagt fram hjer við rjettinn:

1, Útskript úr fógetabók Kjósar- og Gullbringusýslu,

2, Útskript úr lögreglurjettarbók sömu sýslu viðvíkjandi útmælingu Lækjarbotns;

3, Útskript úr dómabók sömu sýslu og

4, Útskript úr aukarjettarbók sömu sýslu innihaldandi áreiðargjörð er framfór hinn 1. september 1880 um landamerki Elliðakots að sunnan sjerstaklega að því, er snertir svokallaðan Átthaga (eða Nátthaga) og Miðmundamýri.

Eptir að dómsmenn eru vandlega búnir að kynna sjer hið umþrætta land, er það samhuga skoðun þeirra að úr Nautapolli ráði mörkum milli afrjettarlands Reykjavíkur og Seltiminga gagnvart Elliðakoti aðalfarvegur Lyklafellsárinnar allt að suðurenda Vatna-ássins þar sem farvegurinn kvíslast og úr því ræður nyrðri farvegurinn þangað til hann kemur í Fossvalla-á. Þessa skoðun sína byggir dómurinn á framburði þeirra vitna, er leidd hafa verið í máli þessu af hendi stefnenda. Umboðsmaður stefnenda hefir að vísu haldið því fram, að Lyklafellsá hafi á síðari tímum breytt farvegi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinum, þar sem hin áður hafi runnið úr Nautapolli með heiðarbrún og fyrir norðan Vatna-ás, og benti við merkjagöngu dómsmönnum á gamlan farveg, er hann taldi svo vera, og því til sönnunar hefir eitt vitni borið, að það muni til, að árfarvegur hafi verið þar fyrir 20-30 árum síðan, en dómurinn getur eigi sjeð, að áin nokkurn tíma hafi haft þennan farveg með heiðarbrúninni, þótt eðlilegt sje að áin í miklum vatnavöxtum renni þar einnig og verður því alls ekki neitað, enda sjest enginn slíkur farvegur á uppdrættinum. Að því er snertir merkjalýsingu stefnda á þessu svæði, þá getur dómurinn alls eigi fallizt á hana, enda hefir hann engar sannanir fært fyrir henni.

Þegar nyrðri farvegur Lykkjafellsárinnar er kominn í Fossvallaá tekur við Lækjarbotnaland, og er því eigi úr því að ræða um neitt afrjettarland að sunnanverðu. Umboðsmaður stefnenda hefir haldið því fram sem aðalkröfu að úr því Fossvallaáin kvíslast á Fossvallaklifinu, ráði mörkum nyrðri kvísl hennar, sem rennur fyrir norðan svonefndan Álkhaga (eða Nálkhaga) þangað til hún kemur í Nálkhagavatn, og ráði úr því áin ofanað Hraunnesi, en sem varakröfu hefir hann haldið því fram, að úr því Fossvallaáin kvíslast í Fossvallaárklifinu ráði kvísl, er rennur fyrir sunnan Nálkhagann, milli hans og Miðmundamýrar í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nállhagavalu. Stefndi hefir haldið því fram, að frá því áin kvíslast í Slifinu, ráði syðsta kvíslin mörkum milli Elliðakots- og Lækjarbotna-landa fyrir sunnan Tröllbörn hjá Lækjamóti niður hjá Hrauns-nefi, og þaðan eptir sömu kvísl, þar til hún fellur í Elliðaána við svo kallað Heiðartagl. – Fyrir þessum kröfum sínum hefir umboðsmaður stefnenda eigi fært neinar sannanir nema þá, að þrjú vitni hafa borið, að norður-áin frá fjalli til fjörunnar ráði sýslna- og hreppa-mörkunum. Aptur á móti hefir stefndi fært sem sannanir fyrir sinni kröfu áreiðargjörð, sem fram fór hinn 1. september 1880 um landamerki þessi, og hafa áreiðarmennirnir þá komizt að þeirri skoðun að merki Elliðakotslands að sunnan sjeu syðsta kvísl Fossvallaárinnar niður að Lækjamóti (þar er Lækjarbotnalækur kemur saman við ofannefnda kvísl) þannig, að bæði Nállhagi og Miðmundamýri sje innan Elliðakotslands. Dómurinn fær því eigi betur sjeð, en að stefndi hafi fært gilda sönnun fyrir því, að hinn svokallaði Állhagi (eða Nállhagi) og Miðmundamýri sje í landi Elliðakots. Dómurinn verður því hjer að taka til greina kröfu hans þannig, að syðsta kvísl Fossvallaárinnar sje suður takmörk Elliðakotslands gagnvart Lækjarbotnunum þangað til tekur við Hólmsland að neðan.

Þegar um kostnað til dómsforseta og meðdómenda er að ræða, þá skal það tekið fram, að þegar menn voru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndir í dóm til að dæma um landamerki þessi, komu málspörtum saman um, að hafa merkjagöngu hinn 21. júlí þ. á. Komu dómendur því saman á þeim degi að Lækjarbotnum, en merkjagangan gat þá eigi fram farið sakir þess, að umboðsmaður stefnenda var eigi búinn að útvega sjer þau skilríki, er hann þóttist þurfa með.
Að vísu tjáði hann dómsforseta nokkru fyrir fram þessi forföll sín, en hann áleit eigi, að hann ætti með að sporna við því, að meðdómsmenn kæmu saman þennan dag, eins og ákveðið var.
Þar sem það var innanhandar fyrir umboðsmanninn að taka þegar í fyrstu nægilegan frest, allt að 18 mánuðum, virðist vera hæfilegt, að umbjóðendur hans greiði kostnað þann, sem orðið hefir af þessu árangurslausa móti til merkjagöngunnar, sem er 26 krónur.
Kostnaður sá til dómsforseta og meðdómsmanna sem leitt hefir af merkjagöngu þeirri, sem fram fór í gær, er 46 krónur; virðist hæfilegt að hann greiði málspar~~ar~~tar hvor að helmingi. — Annar málskostnaður falli niður.
Því dæmist rjett að vera:
Landamerki afrjettarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Helliskoti (Elliðakoti) eiga að vera Aðal-farvegur Lykkafellsárinnar úr Kaldapolli, allt að suðurenda Vatna-ássins, þar sem farvegurinn kvíslast; úr því ræður nyrðri farvegurinn þangað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til hann kemur í Fossvallaá. — Að öðru leyti eiga málspartar að vera sýknir hvor af annars kærum og kröfum í máli þessu. Uppí kostnað til dómsforseta og meðdómsmanna greiði stefnendur, bæjarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefnd Seltjarnarness hrepps, 49 — fjörutíu og níu krónur —, en stefndi Guðmundur bóndi Magnússon í Hellisholi, 23 — tuttugu og þrjár krónur —, sem greiðist til dómsforseta innan 15 daga frá löglirtingu dóms þessa.

Franz Siemsen

Eggert Finnsson. Jón Þórðarson. Guðni Þorbergsson Jón Jónsson

Viðstaddir í rjettinum voru þeir hreppstjóri Ingjaldur Sigurðsson og stefndi Guðmundur Magnússon. Dómurinn var kállt upplesinn í rjettinum og honum því næst slitið.

Franz Siemsen

Guðni Þorbergsson. Eggert Finnsson. Jón Þórðarson
Jón Jónsson

Ingjaldur Sigurðsson.
Guðm. Magnússon

\+ \+ \+

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er sett mitt og embættisinnsigli.

Franz Siemsen

Útlagðir 18 arkir = Kr 9.00
Staðf. & innsigli 0.41
Kr 9.41
(níu krónur fjörutíu og einn eyrir)

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur